



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939



samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi



fyrir starfsárið 2011 - 2012

ÁRSSKÝRSLA BLINDRAFÉLAGSINS

samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2011–2012



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939



Skýrsla stjórnar	Bls. 4
Stjórn félagsins	
Þróun fjáraflana og opinberra styrkja til félagsins	
Talgervilsverkefnið	Bls. 5
Aðgengismál	Bls. 7
Aðgangur að samdægursupplestri dagblaða	
Sjónlýsingar	
Endurnýjun stefnumótunar	Bls. 8
Leiðsöguhundaverkefnið	
Útgáfumál	
Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar	Bls. 9
Stuðningur til sjálfstæðis – styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins	
Alþjóðlegur sjónverndardagur	Bls. 10
Dagur hvíta stafsins	
Samfélagslampi Blindrafélagsins	
Alþjóðlegt samstarf	Bls. 11
Samstarfsfundir stjórnar, deilda og nefnda Blindrafélagsins	
Félagsfundir	
Skoðanakannir Capacent Gallup	Bls. 12
Fræðslumyndin “Going blind”	Bls. 13
Lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og umsagnir Blindrafélagsins	
Samtök, stofnanir og sjóðir	
Fjáraflanir	Bls. 14
Happdrætti	
Víðsjá	Bls. 15
Bakhjarlar Blindrafélagsins	
Fyrirtækjasöfnun	Bls. 16
Jóla kort	
Príkrossinn	Bls. 17
Dagatöl	Bls. 18
Hljóðbækur	
Hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta	Bls. 19
Tækjaleiga	
Framlög vegna talgervils	Bls. 20
Söfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi „Rauð fjöður“	
Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra	
Styrkur frá Menntamálaráðuneyti	
Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins	Bls. 21
Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2012	
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	
Styrkir og gjafir frá ýmsum ónefndum aðilum	
Ráðstöfun erfðagjafa	
Sjóðir félagsins og veittir styrkir	Bls. 22
Verkefnasjóður Blindrafélagsins	
Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur	
Námssjóður blindra	Bls. 23
Stuðningur til sjálfstæðis	
Önnur framlög og styrkir	
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	

Starfsmannamál	Bls. 24
Viðhald og rekstur fasteigna	Bls. 26
Viðbygging	
Stigahlíð 71	
Mötuneyti	
Ferðapjónusta blindra	Bls. 27
Skýrsla réttindalögmanns Blindrafélagsins	Bls. 28
Valdar greinar 36. árgangs 2011, ársskýrsla	Bls. 30
Skýrsla ráðgjafa á félagssviði fyrir árið 2011	Bls. 31
Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins	
Samstarfsaðilar	
Trúnaðarmenn Blindrafélagsins	
Ársskýrsla kynningarfulltrúa 2011–2012	Bls. 32
Opið hús 2011	Bls. 33
Opið hús á laugardögum	
Greinargerð aðgengisfulltrúa vegna starfsársins 2011	Bls. 34
Einstakar vefsíður og skjöl	
Lagasetning og upplýsingastefna	
Fræðsla fyrir nemendur og fagfólk	
Alþjóðlegt samstarf	
Skýrsla æskulýðsfulltrúa og Ungblind	Bls. 37
Foreldradeild Blindrafélagsins starfsárið 2011–2012	Bls. 38
Skýrsla kvennadeildar starfsárið 2011–2012	Bls. 40
Starfsemi RP deildar 2011–2012	
Starfsemi Norðurlandsdeildar	Bls. 41
Starfsemi Suðurlandsdeildar árið 2011	Bls. 42
Ferðanefnd 2011–2012	Bls. 43
Skemmtinefnd 2011–2012	Bls. 44
Tómstundanefnd 2011–2012	Bls. 45
Sjóðurinn Blind börn á Íslandi	
Úthlutunarreglur sjóðsins „Stuðningur til sjálfstæðis“	Bls. 45
Blindravinnustofan	Bls. 50
Meginstarfsemi félagsins	
Starfsemin á árinu	
Stjórn og stjórnendur	Bls. 49
Fjóla - félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	Bls. 52
Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga	Bls. 54
Stefnumótun stjórnar Blindrafélagsins - 2012	Bls. 57
Mannréttindasamtök	
Gildi	
Stuðningur til sjálfstæðis	
Stöðumat	Bls. 58
SVÓT – Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri	Bls. 60
Framtíðarsýn	Bls. 61
Sóknaráætlun	
Starfsmarkmið og verkefni	
Lokaorð	Bls. 67

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2011–2012 gerir grein fyrir helstu áherslum og nýjungum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2011 – 2012 hélt samtals 21 stjórnarfund.

Stjórnarskipan var eftirfarandi:

Kristinn Halldór Einarsson formaður
Maria Kaisa Matthíasson varaformaður
Bryndís Snæbjörnsdóttir ritari
Ólafur Þór Jónsson gjaldkeri
Sigbór Hallfreðsson meðstjórnandi
Haukur Þór Sigtryggsson varamaður
Hlynur Þór Agnarsson varamaður
Rósa Ragnarsdóttir varamaður
Þorkell Jóhann Steindal varamaður

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir sem voru kosnir fyrir tveimur árum og eru því að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru: Kristinn Halldór Einarsson formaður, Bryndís Snæbjörnsdóttir, Sigbór Hallfreðsson, Rósa Ragnarsdóttir og Þorkell Jóhann Steindal.



Kristinn Halldór Einarsson,
formaður Blindrafélagsins

ÞRÓUN FJÁRAFLANA OG OPINBERRA STYRKJA TIL FÉLAGSINS

Á undanförunum árum, eða frá 2009, hafa miklar breytingar átt sér stað í fjáröflunum Blindrafélagsins. Breytingarnar hafa verið gerðar á happadrætti félagsins, sem nú skilar félaginu mun meiri tekjum en áður. Áherslum í útgáfumálum hefur verið breytt, með því að gefa út tímaritið Víðsjá í stað Blindrasýnar, og dreifa blaðinu markvisst, þannig að útgáfa Víðsjár er nú orðin öflug fjáröflun sem skilar félaginu dýrmætum tekjum. Styrktarmennakerfinu hefur verið breytt og heitir kerfið núna Bakhjarlakerfi Blindrafélagsins og er lagskipt. Góðar líkur eru á að Bakhjarlakerfið mun á næstu árum skila félaginu umtalsverðri tekjuaukningu. Nýjar fjáraflanir hafa einnig litið dagsins ljós, eins og leiðsögu-

hundadagatal Blindrafélagsins er dæmi um, en það hefur þegar skilað félaginu góðum tekjum. Opinber framlög til Blindrafélagsins hafa á sama tíma dregist umtalsvert saman og því hefur mikilvægi aukinna fjáraflana félagsins verið þeim mun mikilvægari.

Frá árinu 2008 til 2011 hefur hagnaður af fjáröflunarstarfi Blindrafélagsins aukist um 134% eða úr tæpum 16 milljónum á árinu 2008 í tæpar 37,4 milljónir á árinu 2011, eða um 21,4 milljónir.

Samdráttur í opinberum styrkjum til félagsins hefur á sama tíma dregist saman úr 14 milljónum króna, að meðtöldum styrk frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, í 8 milljónir króna, eða um rúm 40%.



Frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari talgervilsverkefnisins

TALGERVILSVERKEFNIÐ

Talgervilsverkefni Blindrafélagsins, sem ber yfirskriftina: „Nýr íslenskur talgervill í þjóðareign – bætt lífsgæði – íslensk málrækt“ hefur verið fyrirferðamikilið í starfi félagsins. Verkefnið er nú á loka-

metrunum og stutt í að talgervillinn verði tilbúinn, en nú stendur yfir lokahlustunar- og athugasemdaferli. Talgervillinn mun búa yfir tveimur röddum, kvenröddinni Dóru og karlröddinni Karli.

Fjölmargir aðilar koma að talgervilsverkefninu með Blindrafélaginu, þeir eru helstir:

- Blindrabókasafnið
- Blindravinafélag Íslands
- Félag lesblindra á Íslandi
- Íslenskur orðasjóður við Háskólann í Leipzig
- Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík
- Lions á Íslandi
- Máltæknisetur
- Menntamálaráðuneytið
- Royal National Institute of Blind People (RNIB), Bretlandi
- Stofnun Árna Magnússonar
- Velferðarráðuneytið
- Öryrkjabandalag Íslands
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Verndari verkefnisins er frú Vigdís Finnbogadóttir

Framgangur verkefnisins hefur í stórum dráttum verið eftirfarandi:

- Ákvörðun um að ráðast í verkefnið tekin vorið 2010.
- Stýri- og verkefnahópar skipaðir sumarið 2010.
- Skoðun og val á mögulegum framleiðendum sumar og haust 2010.
- Ivona í Póllandi heimsótt í desember 2010.
- Samningar undirritaðir í mars 2011.
- 10 þúsund setningar settar saman úr Orðasjóðnum í Leipzig sumarið 2011.
- Val radda og upptaka á lestri þessara 10 þúsund setninga sumarið 2011.
- Raddirnar fá nöfnin Dóra og Karl haustið 2011.
- Beta útgáfa nr. 1 með 800 setningum lesnum af hvorri rödd koma til hlustunar og athugasemda um áramótin 2011–2012.
- Hlustun og athugasemdum við beta útgáfu nr. 1 lýkur í febrúar 2012.
- Beta útgáfa nr. 2. með 400 setningum lesnum af Dóru kemur til hlustunar og athugasemda í apríl 2012.
- Athugasemdum við beta útgáfu nr. 2 lýkur í apríl 2012.
- Áætlað er að talgervillinn verði tilbúinn í júní og fari í dreifingu í ágúst.

Fjármögnun verkefnisins er að fullu tryggð og er hún eftirfarandi (m.kr.):

Blindrafélagið (erfðafjárgjöf)	
Blindravinafélagið	25,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra	5,0
Heilbrigðis-, Mennta og	15,0
Velferðaráðuneyti	11,3
Lions, landssöfnunin Rauða fjöðrin	
Öryrkjabandalag Íslands	19,3
	10,0

Samtals 85,6

Talgervillinn frá Ivona mun geta unnið á eftirfarandi tölvubúnaði, síma og stýrikerfi:

- Windows (SAPI5)
- Mac
- Unix
- iOS (Apple iPhone & iPad)
- Android
- Windows mobile

Windows.

Nýi talgervillinn keyrir á skilgreiningu sem heitir SAPI5, sem er eins konar talgervilsstaðall fyrir Windows. Allir talgervlar sem falla að þessum staðli keyra með öllum Windows-forritum, þ.m.t. öllum skjálesurum.

Því keyrir forritið með bæði Jaws og NVDA, meira að segja Window Eyes, System Access og Satogo líka.

Þegar búið er að setja talgervilinn upp á vélinni er mjög einfalt að virkja hann, og leiðbeiningar um það verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu Blindrafélagsins.

Apple.

Til að koma nýja íslenska talgervlinum í tölvubúnað frá Apple þá þarf samþykki Apple fyrirtækisins og þeir þurfa að opna á að þessi nýi íslenski talgervill verði hluti af stýrikerfi Apple. Viðræður við Apple varðandi þessi atriði eru þegar hafnar en óvarlegt er að gefa einhver fyrirheit um hvernig eða hvenær þeim muni ljúka. Apple á Íslandi eru mjög áhugasamir um að gera nýja íslenska talgervilinn að staðalbúnaði í öllum Apple tölvubúnaði seldum á Íslandi.

AÐGENGISMÁL

Aðgengismál er málaflokkur sem er að aukast í mikilvægi með síauknum kröfum um fulla samfélagslega þátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga. Á undanförunum tveimur árum hefur Birkir Rúnar Gunnarsson starfað sem aðgengisfulltrúi á upplýsingasviði og má af hans skýrslu sjá glöggð hversu mikilvæg þau verkefni eru sem hann er að fást við. Á þessu ári ákvað síðan stjórn Blindrafélagsins að setja í gang tilraunarverkefni í eitt ár sem miðar að því vekja athygli á og leita eftir úrbótum í ferilfræðilegum

aðgengismálum blindra og sjónskertra. Rósa María Hjörvar hefur verið ráðin í hlutastarf sem verkefnastjóri. Markmiðið er að auka vitund stjórnvalda og almennings á nauðsyn þess að gott ferilfræðilegt aðgengi sé tryggt og upplýsa hversu mörgum það nýtist. Að auka upplýsingastig blindra og sjónskertra einstaklinga, samfélagsins og hins opinbera og breyta vinnuferlum og ákvörðunartöku til frambúðar til þess að stuðla að raunverulegu ferðafrelsi blindra og sjónskertra á Íslandi.

AÐGANGUR AÐ SAMDÆGURSUPPLESTRI DAGBLAÐA

Nýi íslenski talgervillinn mun skapa ýmsa möguleika til aukinnar þjónustu við félagsmenn Blindrafélagsins. Einn þeirra möguleika er upplestur dagblaða sem eru á netinu að morgni þess dags sem blöðin koma út í gegnum nettengdan Daisy spilara. Undirbúningur og viðræður eru þegar hafnar við hollenska fyrirtækið Radio Solutions, sem hefur þróað þessa lausn. Finnsku blindrasam-

tökin hafa þegar sett þessa þjónustu upp fyrir sína félagsmenn. Gera má ráð fyrir að á næsta starfsári verði þetta verkefni til lykta leitt. Verkefnið mun hafa í för með sér algera byltingu í aðgengi eldri félaga Blindrafélagsins sem ekki eru tölvuvanir að efni fjölmiðla á netinu. Að auki verður hægt að vera með beintengingu við Blindrabókasafn Íslands og láta spilarann spila hvað bók sem er úr safninu.

SJÓN LÝSINGAR

Síðastliðið sumar stóð Blindrafélagið fyrir kynningu á sjónlýsingum og mikilvægi þeirra fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga. Í janúarmánuði síðastliðnum stóð svo Blindrafélagið fyrir námskeiði í sjónlýsingum (audio description) þar sem fyrstu Íslendingarnir fengu þjálfun í sjónlýsingum. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Joel Snyder frá Bandaríkjunum, en hann er frumkvöðull á

þessu sviði og hefur stundað sjónlýsingar og kennt þær í um 30 ár. Helgina 21–22 apríl voru síðan tvær sýningar þar sem í fyrsta skiptið á Íslandi var boðið upp á sjónlýsingar á opinberum sýningum. Um var að ræða ljósmyndasýningu Þjóðminjasafns Íslands um björgunarafrekið mikla við Látrabjarg 1947 og sérstaka sýningu íslensku teiknimyndarinnar Þór – Hetjur Valhalla.

ENDURNÝJUN STEFNUMÓTUNAR

Stefnumótun Blindrafélagsins frá 2009 var endurskoðuð og uppfærð á starfsárinu.

Á vinnufundum stjórnar þann 17. september 2011 og 21. janúar 2012 var farið ítarlega yfir alla stefnumótunarskýrsluna. Í framhaldi var stefnumótunin uppfærð og ákveðið að gefa hana út aftur og er hún birt í heild sinni í þessu riti. Farið var yfir alla stefnumótunina. Meginbreytingarnar frá stefnumótuninni 2009 liggur í sóknaráætluninni, það er nýjum starfsmarkmiðum og verkefnum, þó uppfærsla hafi einnig átt sér stað í öðrum

þáttum stefnumótunarinnar.

Í stefnumótuninni frá 2009 voru um 60 skilgreind verkefni. Fyrir liggur að það hefur tekist að afgreiða um 90% af þessum 60 verkefnum. Stefnumótun Blindrafélagsins 2012 er því afrakstur stefnumótunarinnar frá 2009 og þeim árangri sem náðist í að vinna eftir henni á árinu 2010 og 2011. Á þessum tíma hafa ný verkefni bæst við sem jafnóðum hafa verið sett inn í sóknaráætlunina. Hin nýja stefnumótun var kynnt á félagsfundum í mars 2012.

LEIÐSÖGUHUNDAVERKEFNIÐ

Á starfsárinu skrifaði Blindrafélagið undir samning við Þjónustu- og þekkkingamiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga um stuðning við leiðsöguhunda-verkefni sem miðstöðin hefur hleypt af stokkunum. Blindrafélagið mun afla fjár til að styrkja verkefnið sem nú er alfarið á ábyrgð miðstöðvarinnar og er það í fullu

samræmi við stefnumörkun Blindrafélagsins. Sérstakri aðstöðu hefur verið komið upp til að þjálfa hunda til að verða leiðsöguhundar fyrir blinda.

Jafnframt hefur sérmennntaður hundapjálfi verið ráðinn til verksins. Góðar líkur eru á að fyrstu íslensku leiðsöguhundunum verði úthlutað á þessu ári.

ÚTGÁFUMÁL

Víðsjá. Víðsjá var gefin út tvisvar á starfsárinu og send til um 20 þúsund einstaklinga. Ákveðið var að breyta um útgáfutíma á blöðunum til að skapa betra rými fyrir fjáröflunarhlutverk blaðsins. Víðsjá er núna gefið út í febrúar og ágúst. Í mælingu sem Capacent Gallup gerði fyrir félagið á lestri blaðsins kom í ljós að 86,5% þeirra sem lásu blaðið voru ánægð með efnistökin í blaðinu.

Miðað við dreifingu Víðsjár þá er blaðið eitt best lesna tímarit sem gefið er út á Íslandi ef marka má skoðanakönnun Capacent Gallup.

Kynningarefni. Nýtt kynningarefni fyrir félagsmenn var gefið út. Um er að ræða möppu með lampanum úr merki félagsins niður-hleyptu á forsíðuna og texta þar sem er á bæði svartlettri og

punktalettri með fjórblöðungi og disk þar sem grein er gerð fyrir öllu helstu þáttum í starfsemi Blindrafélagsins. Mappan getur einnig nýst sem ráðstefnu- og fundarmappa. Þetta nýja kynningarefni var sent öllum félagsmönnum Blindrafélagsins.

SÝN. Í tilefni af alþjóðlega sjónverndardeginum 13. október 2012 og Degi Hvíta stafsins 15. október 2012 gáfu Blindra-

félagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, út 8 síðna fræðslublað sem fékk nafnið SÝN. Blaðinu var dreift með Fréttablaðinu. Í blaðinu var starfsemi útgefenda kynnt, fjallað um augnsjúkdóma og sjónvernd, leiðsöguhunda, aðgengismál og Blindravinnustofuna sem varð 70 ára um þær mundir sem blaðið kom út.

FRÆÐSLU- OG HVATNINGARFUNDIR STARFSFÓLKS OG STJÓRNAR

Á starfsárinu var haldinn einn fræðslu- og hvatningarfundur fyrir starfsfólk Blindrafélagsins.

Á fundinum, sem var haldinn mánu- daginn 13. febrúar í samstarfi Blindrafélagsins og Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, var kynning á starfsemi réttindagæslu

fyrir fatlaða fólk, en lög þar að lútandi tóku gildi í júní 2011 en þar eru ákvæði um að í landinu skuli starfa svæðis- bundnir réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Einnig eru í lögnum ákvæði sem eiga að tryggja fötluðum, einstaklingum, sem þess þurfa, persónulega talsmenn.

STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐIS - STYRKTARSJÓÐUR BLINDRAVINAFÉLAGS ÍSLANDS OG BLINDRAFÉLAGSINS

Í apríl 2012 var í fyrsta skiptið úthlutað úr hinum nýja styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins. Sjóðurinn hefur sjálfstæða stjórn.

Eftirtaldir eru í stjórn sjóðsins:
Kristinn Halldór Einarsson, formaður sjóðsstjórnar tilnefndur af Blindrafélaginu.

Gretar L. Marinósson, tilnefndur af Háskóla Íslands.

Helga Eysteinsdóttir, tilnefnd af Blindravinafélagi Íslands.

Hrafnhildur Jósefsdóttir, tilnefnd af Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Póra Sigríður Ingólfssdóttir, tilnefnd af Blindrabókasafni Íslands.

Frekari upplýsingar um fyrstu úthlutun sjóðsins og úthlutunarreglur má lesa aftar í þessari skýrslu.

ALÞJÓÐLEGUR SJÓNVERNDARAGUR

Í tilefni af alþjóðlegum sjónverndardegi, sem var 13. október, var Guðmundur Viggósson augnlæknir með fyrirlestur um gláku og glákuvarnir í fundarsalnum í Húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17. Guðmundur fjallaði m.a. um góðan árangur sem náðst hefur í glákuvörnum hér á landi.

Víðast í löndunum í kringum okkur er gláka önnur algengasta orsök blindu og sjónskerðingar en hér á landi er hún í þriðja sæti. Dagskráin var samstarfs-verkefni Blindrafélagsins, Lions á Íslandi og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga.

DAGUR HVÍTA STAFSINS

Á degi Hvíta stafsins þann 15. október stóðu Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga fyrir opnu húsi í Hamrahlíð 17 þar sem öll hin fjölbreytta starfsemi sem fram fer í húsinu var kynnt. Mæting var einstaklega góð.

Í tilefni af deginum og alþjóðlegum sjón-

verndardegi gáfu Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga út blað, sem fékk nafnið SÝN, sem dreift var með Fréttablaðinu. Í blaðinu var m.a. vakin athygli á síversnandi ferilfræðilegu aðgengi blindra og sjónskerta vegfarenda í Reykjavík.

SAMFÉLAGSLAMPI BLINDRAFÉLAGSINS

Samfélagslampi Blindrafélagsins var veittur í þriðja sinn á degi Hvíta stafsins 15. október. Lampinn er einstakur gripur, handsníðaður af Sigmari Ó. Maríussyni gullsmíðameistara. Um er að ræða upphleypta lágmynd úr silfri sem sýnir lampann úr merki Blindrafélagsins. Lampinn er festur á sagaða og slípaða steinflís úr skagfirsku blágrýti. Steinflísinn stendur á tveimur járnpinnum á blágrýtisfæti. Á fætinum er síðan silfurskjöldur með áletrun um verkið og tilefni þess. Tilgangurinn með veitingu Samfélagslampans er að vekja athygli á fyrirtækjum, stofnunum og/eða tilteknum aðgerðum eða verkefnum, sem með einum eða öðrum hætti hafa stuðlað að auknu

sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga. Árið 2011 var samfélagslampinn veittur Lions á Íslandi og afhenti forseti Íslands Lions á Íslandi lampann í Opnu húsi að Hamrahlíð 17, á degi Hvíta stafsins þann 15. október 2011. Eftirfarandi áletrun er á Samfélagslampanum sem var færður Lions á Íslandi:

„Stuðningur til sjálfstæðis.

Samfélagslampi Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi.

Veittur Lions á Íslandi árið 2011, fyrir mikilvægan stuðning á undanförunum árum, við leiðsöguhunda- og talgervils-verkefni Blindrafélagsins, sem bæði leiða til aukins sjálfstæðis blindra og sjónskertra einstaklinga.“

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Í október 2011 sendi Blindrafélagið 6 fulltrúa á aðalfund European Blind Union (EBU) sem var haldinn í Danmörku.

Norræn ráðstefna um endurhæfingu var haldin í Finnlandi og átti Blindrafélagið þar einnig 6 fulltrúa. Tveir NSK fundir voru á starfsárinu, annar í Finnlandi og hinn í Noregi. Ísland fer nú með formennsku í NSK samstarfinu og mun gera í tvö ár, þ.e. frá 2012-2014.

Alþjóðlegt samstarf var einnig á vettvangi kvennadeildar, RP deildar, Ungblindar og aðgengisfulltrúa Blindrafélagsins.

Sjá frekar í skýrslum þessara aðila.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðasamtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk samarbejdskomité (NSK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (EBU)

Blindrafélagið á fulltrúa í eftirtöldum stýrihópum innan European Blind Union:

- Access to Information and Technology Commission

Fulltrúi félagsins er:

Birkir Rúnar Gunnarsson

SAMSTARFSFUNDIR STJÓRNAR, DEILDA OG NEFNDAR BLINDRAFÉLAGSINS

Þeirri nýjung frá 2010 að boða til fundar með stjórn, fulltrúum allra deilda og nefnda og tiltekinna starfsmanna var fram haldið á árinu. Tveir fundir voru haldnir, í september og janúar.

Markmiðið er að kynna og samræma allt það mikla og fjölbreytta starf sem er innan Blindrafélagsins. Mjög góð mæting var á báðum fundum og almenn ánægja með hvernig til tókst.

FÉLAGSFUNDIR

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 3. nóvember 2011 og sá síðari 22. mars 2012.

Umfjöllunarefni félagsfundarins 3. nóvember var kynning á skoðana-könnunum sem Capacent hefur gert fyrir Blindrafélagið.

Seinni félagsfundurinn var haldinn 22. mars og á honum var kynning á uppfærðri stefnumótun og verkefnaáætlun stjórnar félagsins. Á fundinum gafst félagsmönnum tækifæri á að koma með tillögur og hugmyndir að verkefnum

sem þeir telja mikilvægt að félagið beiti sér fyrir. Verkefnaáætlun er hluti af stefnumótun stjórnar félagsins sem sett var fram haustið 2009 eftir ítarlega umfjöllun á vettvangi félagsins.

Á fundinum voru einnig kynntar fyrirhugaðar breytingar sem gerðar verða á annarri hæðinni í húsi Blindrafélagsins í tengslum við viðbyggingu við húsið sem nú standa yfir. Sigríður Halldórsdóttir arkitekt mætti á fundinn og kynnti fyrirhugaðar breytingar sem meðal annars fela í sér bætt aðgengi á hæðinni.

SKOÐANAKANNANIR CAPACENT GALLUP

Sumarið 2011 gerði Capacent Gallup fjórar skoðanakannanir fyrir Blindrafélagið:

- Viðhorf almennings til sjónmissis og alvarlegrar sjónskerðingar.
- Viðhorf almennings til Blindrafélagsins og annarra sambærilegra samtaka.
- Könnun meðal stuðningsmanna Blindrafélagsins.
- Könnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins.

Helstu niðurstöður kannana voru:

Ímynd: Fólk almennt (almennigur og stuðningmenn) er mjög jákvætt gagnvart mældum hjálpar- og góðgerðarsamtökum, jákvæðust gagnvart Krabbameinsfélaginu og fylgdi Blindrafélagið þar á eftir.

Fjárstyrkir: Meirihluti landsmanna (81%) og nánast allir í stuðningsmannahópnum (98%) hafa styrkt gott málefni á sl. 12 mánuðum.

Blindrafélagið er mest styrkta félagið meðal stuðningsmanna en Landsbjörg/björgunarsveitir meðal almennings. Krabbameinsfélagið er næstmest styrkt af báðum hópum.

Stuðningsmenn hafa að jafnaði varið töluvert hærri fjárhæðum til góðgerðarmála (um 2.300 kr. á mán.) en fólk

almennt (um 1.300 kr. á mán.).

Þolmörkin eru tvöföld sú upphæð sem nú er varið til góðra málefna:

- almenningur 2.700 kr. á mán.
- stuðningsmenn 4.700 kr. á mán.

Þjónusta Blindrafélagsins: Mikill meirihluti félagsmanna (93%) og almennings (87%) telur að Blindrafélagið sinni réttindamálum blindra og sjónskertra vel.

Enn stærra hlutfall félagsmanna en almennings segir þeim mjög vel eða að öllu leyti vel sinnt og hefur viðhorf félagsmanna breyst töluvert til batnaðar frá síðustu mælingu.

Mikil ánægja er meðal félagsmanna með þjónustu Blindrafélagsins og er ferðaþjónustan sá þjónustubáttur sem mestu virðist skipta.

Tæplega 36% stuðningsmanna lásu síðasta tölublað Víðsjár og 24% flettu því en ansi stór hluti kannast ekki við að hafa fengið það sent (um 32%).

Almenn ánægja er með efnistökin í Víðsjá meðal þeirra sem lásu eða flettu blaðinu.

Þjóðin skiptist um það bil í tvo jafna hluta þegar spurt var um talgervilsverkefnið, í þá sem hafa heyrt um það (47%) og þá sem hafa það ekki (53%).

FRÆDSLUMYNDIN “GOING BLIND”

Blindrafélagið hafði frumkvæði að því að RÚV tók til sýningar myndina „Að missa sjónina“ eða “Going blind”.

Myndin var sýnd 5. október 2011. Þessi bandaríska heimildamynd frá 2010 fjallar um hlutskipti fólks sem missir sjónina. Höfundur myndarinnar, Joseph Lowett, er með gláku, sjúkdóm sem hrjáir milljónir manna um allan heim og rænir þá sjóninni. Eftir að hafa verið að missa

sjónina smám saman í mörg ár ákvað hann að kynna sér hvernig fólk í Bandaríkjunum bregst almennt við því að missa sjónina. Hann byrjaði smátt og hitti fólk á götum heimaborgar sinnar, New York, en fór síðan víða um landið og hitti fólk á mismunandi aldri og af ólíkri þjóðfélagsstöðu. Saga og ástæður sjónmissis og viðbrögð þessara einstaklinga við sjónmissinum er sögð í myndinni.

LAGAFRUMVÖRP, ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR OG UMSAGNIR BLINDRAFÉLAGSINS

Stjórn Blindrafélagsins hefur tekið til umfjöllunar lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og sent inn umsagnir til Alþingis. Hér er listi yfir þau mál sem umsagnir voru sendar inn um:

- Tillaga til þingsályktunar um notenda-stýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun, 354. mál.
- Frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál.
- Frumvarp til laga um fjöleignarhús (leiðsöguhundar o.fl.), 377. mál.
- Frumvarp til laga um innflutning dýra (gæludýr), 134. mál.

- Frumvarp til laga um skattaávilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka (skattfrádráttur vegna gjafa), 107. mál.
- Tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda) 468. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–14, 440 mál.

SAMTÖK, STOFNANIR OG SJÓÐIR

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild, eða aðkomu að, stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnunar:

- Blindrabókasafninu
- Margrétarsjóði
- Sjóðnum Blind börn á Íslandi
- Sjónverndarsjóði

- Stuðningi til sjálfstæðis, styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins
- Tölvumiðstöð fatlaðra
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga
- Öryrkjabandalagi Íslands.

FJÁRAFLANIR

Blindrafélagið er mjög háð fjáröflunum á hinum frjálsa markaði. Menn þurfa alltaf að vera á tánum því aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök leita eftir styrkjum til fyrirtækja og einstaklinga. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni þekktra líknarfélaga. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og erfiðara er nú en áður að sækja í þeirra sjóði. Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum og hefur félaginu gengið vel í fjáröflunum þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Unnið var að því að fjölga bakhjörllum

félagsins ásamt því að eldri bakhjörllum var boðið að hækka framlag sitt til félagsins. Miðlun ehf. tók að sér að hringja í eldri bakhjarla og fá hjá þeim upplýsingar um netföng ásamt því að bjóða þeim nýja tilhögun á greiðslu styrktargjalds. Þetta átak skilaði yfir 400 nýjum bakhjörllum og u.þ.b. 4 m.kr. í auknum árlegum tekjum.



Ólafur Haraldsson,
framkvæmdastjóri Blindrafélagsins

HAPPRÆTTI

Happdrætti Blindrafélagsins er helsta tekjulind félagsins og fer það fram tvisvar á ári með útdrætti í júní annarsvegar og desember hinsvegar.

Vorhappdrættið var með öðru sniði en árið á undan. Upplag miða var 51.000 og voru miðar sendir til allra þekktra stuðningsmanna auk þess sem rafrænir miðar voru sendir til viðbótar til ungs fólks á aldrinum 25–30 ára.

Hausthappdrættið var hinsvegar í svipuðum dúr og árið á undan. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Heildarupplag útgefinna miða var 154.000. Sem fyrr

Happdrættismiðinn þinn hefur verið birtur sem valkrafa í heimabankanum þínum.

Ad stjálthögur er það þitt val hvort þú gerðir miðann eða leitar það vana, en þú getur þú að gera það og styrkja Blindrafélagið þú með um 10.000 kr. þú mægtur líka að vinna einhverja afkastana vinnings.

Alls 208 vinningar að verðmæti yfir 50 milljónir króna!

- 3 bíllar frá BÍLABÍÐ Bonna: Chevrolet Captiva 1.6 2.3 1.6 diesel, tilvaldust, af verðmæti kr. 6.290 þús. Chevrolet Aveo 1.7 1.6 1.6 tilvaldust, af verðmæti kr. 2.980 þús. Chevrolet Spark 1.5 1.2 1.2 tilvaldust, af verðmæti kr. 1.090 þús.
- 75 ferðavinningar frá Heimasíðunum: 25 ferðavinningar að eigin vali, hver af verðmæti kr. 500 þús. 50 ferðavinningar eftir eigin vali, hver af verðmæti kr. 250 þús.
- 100 íþróttisgjafabréf frá Apple: iPod 128GB 30Watt, kr. 120 þús. hver af verðmæti kr. 120.000
- 38 gjafabréf í Kröngluma, hver af verðmæti kr. 25 þús.

fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða. Miðaverð var 1.939 krónur eins og áður en sú tala var ákveðin til að minnast þess að félagið var stofnað árið 1939. Þrátt fyrir að vorhappdrættið hafi minnkað verulegaí sniðum og mun minna auglýst þá en

árið áður, lækkuðu heildartekjur ársins af sölu happdrættis-miða aðeins um 1,2% milli ára þegar bæði happdrættin

eru talin saman. Hagnaður af happdrættunum óx hins-vegar um 18% milli ára sem þakka má lækkuðum kostnaði.

VÍÐSJÁ

Á árinu komu út 2 tölublöð af Víðsjá, málgangni Blindrafélagsins. Var þetta 3. árgangur blaðsins en það kom fyrst út í tilefni af 70 ára afmæli félagsins árið 2009. Upplag blaðsins hefur sífellt verið að aukast og var síðara tölublað ársins sent út í 20.000 eintökum. Sem fyrr fylgdi blaðinu 1.000 króna valkrafa sem viðtakendur gátu greitt,

vildu þeir styrkja útgáfu blaðsins. Heimtur á þessum valkröfum hafa gengið mjög vel en um 45% þeirra sem fá blaðið sent, greiða valkröfuna. Vel vandað til blaðsins sem er í hefðbundnu tímaritabroti og prentað á góðan pappír. Hreinar tekjur félagsins af útgáfu blaðsins námu um 10 m.kr. á árinu 2011.



BAKHJARLAR BLINDRAFÉLAGSINS

Í árslok 2011 voru bakhjarlar Blindrafélagsins um 4.700 talsins og greiddu þeir samtals rúmar 14 m.kr. í árgjöld.

Þess má geta að allir bakhjarlar sem greiða árgjald eru tryggðir af félaginu gegn sjónmissi vegna slysa.

FYRIRTÆKJASÖFNUN

Leitað var til um 1.000 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu 3 árum.

Send voru út bréf í maí 2011 þar sem þau voru beðin um að styrkja félagið

vegna hins fyrirhugaða talgervilsverkefnis.


Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var nokkru betri en árið á undan sem er viðsnúningur frá árinu 2010.

JÓLAKORT

Tekjur og framlegð vegna sölu jólakorta dróst nokkuð saman frá árinu á undan. Samdráttinn má helst merkja á sölu til fyrirtækja og til einstaklinga í vissum landshlutum en það kemur til vegna þess að sífellt er erfiðara að finna sölu-fólk, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Sala hefðbundinna jólakorta á pappír er að dragast saman á sama tíma og jólakveðjum á netinu fer mjög fjölgandi. Jólakortapakkar voru sendir út til allra bakhjarla og félagsmanna ásamt valkröfu að upphæð kr. 1.900, samtals

tæplega 5.000 pakkar. Heimtur voru ótrúlega góðar eða um 74%. Segja má að þessi pakkasala sé uppistaðan í jólakortasölu félagsins.

Blindrafélagið hóf sölu á netjólakveðjum fyrir jólin 2011 en sala þeirra var lítil og stóð ekki undir sér. Þess ber þó að geta að stór hluti kostnaðarins var einskiptiskostnaður við að setja upp sölukerfið fyrir rafrænu kortin á netinu. Kostnaður við sölu rafrænna korta verður því mun minni í framtíðinni.



ÞRÍKROSSINN

Sala Þríkrossins óx um 25% frá árinu á undan. Þrátt fyrir það stóð framlegð nánast í stað. Ástæðuna má helst rekja til þess að stærri hluti sölunnar fór til stórra söluaðila og til útlanda.

stærðir af Þríkross hálsmenum í silfri og hafa viðtökur verið þokkalegar en kynning hefur ekki verið mikil til þessa. Þríkross hálsmen með keðju kosta sem hér segir í netverslun Blindrafélagsins.

Verðin eru með vsk.:

Fyrir jólin voru settar á sölumarkað 4

	Gull	Silfur
Þríkross – stærð 1	kr. 91.260	kr. 16.990
Þríkross – stærð 2	kr. 43.284	kr. 13.750
Þríkross – stærð 3	kr. 28.284	kr. 11.749
Þríkross – stærð 4	kr. 21.281	kr. 10.050

Þríkrossinn er nú framleiddur sem hálsmen í fjórum stærðum, bæði í gulli og silfri. Einnig eru framleidd úr gulli barmmerki, eyrnalokkar, bindisnæla og næla fyrir íslenska þjóðbúninginn. Úr silfri er framleidd skeið og gaffall fyrir börn. Þríkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og hefur skapað sér sess og sérstöðu á íslenskum markaði. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að ná til erlendra ferðamanna og markaðssetning erlendis hófst á árinu með sölusamningi við þýskan aðila.

Í janúar 2010 keypti Blindrafélagið höfundarréttinn og vörumerki Þríkrossins af erfingjum Ásgeirs heitins Gunnarssonar en Blindrafélagið hefur átt mjög góða samvinnu við þau um sölu og markaðssetningu hans frá upphafi.

Á árinu var unnið að skráningu á vörumerkinu erlendis og í desember 2011 var lokið við skráningu á myndmerkinu í Evrópusambandinu og gildir sú skráning í öllum löndum þess.



DAGATÖL

Á árinu 2011 var ákveðið að gefa út dagatal sem væri tileinkað leiðsöguhundum fyrir blindra og sjónskerta. Hugmyndin kemur upphaflega frá blindrasamtökunum í Noregi en þar í landi er slík útgáfa þýðingarmikil fjáröflunarleið. Við ákváðum fljótt að fara eigin leið í útlitshönnun dagatalsins og völdum að gefa út borðdagatal með myndum af leiðsöguhundum sem nú eru í notkun ásamt myndum og kynningum á hvolpum sem nú eru í þjálfun. Dagatalið er einnig hugsað sem kynning á meðferð og tilgangi leiðsöguhunda.

Hönnuður dagatalsins er Björn Westergren og ljósmyndun var í höndum Ragnars Th. Sigurðssonar.

Öllum þekktum stuðningsmönnum Blindrafélagsins var sent dagatalið í lok desember ásamt valkröfu að upphæð kr. 1.500. Alls voru send út 23.000 eintök og hafa heimtur staðið undir væntingum. Vonir standa til að þessi fjáröflunarleið verði þýðingarmikil í framtíðinni auk þess sem dagatölin kynni leiðsöguhundana ásamt meðferð og þjálfunarferli þeirra.



HLJÓÐBÆKUR

Blindrafélagið selur í smásölu hljóðbækur í afgreiðslu félagsins og þar er á boðstólum gott úrval af fánlegum hljóðbókum. Á síðasta ári nam salan

aðeins um 230 þús.kr. en hún fer stöðugt minnkandi vegna aukins framboðs í öðrum verslunum ásamt auðveldara aðgengi að rafrænum bókum.

HJÁLPARTÆKI FYRIR BLINDA OG SJÓNSKERTA

Sala á ýmiskonar smávöru fyrir blinda og sjónskerta hófst fyrir um 3 árum síðan þegar félagið tók við sölu smárra hjálpartækja af Sjónstöð Íslands. Síðan hefur úrval þessarar vöru verið markvisst aukið. Einkum eru það vörur frá RNIB í Bretlandi og frá Maxi Aid í Bandaríkjunum sem hafa bæst í flóruna. Salan 2011 var svipuð í krónum talið og

árið á undan.

Álagningu á þessum vörum er stillt í hóf og fá félagsmenn Blindrafélagsins þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af þessum vörum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast af sjálfri sölunni.



Hjálpartækjaverslun Blindrafélagsins er í Hamrahlíð 17

TÆKJALEIGA

Fyrir 2 árum hóf Blindrafélagið að leigja út dýr og sérhæfð hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð skólum og stofnunum til að auðvelda þeim að afla sér nauðsynlegra tækja við kennslu fyrir blinda og sjónskerta nemendur.

Gerður er leigusamningur milli Blindrafélagsins og leigutaka sem skuldbindur sig til að leigja viðkomandi tæki í 12–36 mánuði.

Nú hafa verið gerðir 6 leigusamningar, allir við grunnskóla á landsbyggðinni.



**Forystumenn Lionshreyfingarinnar færa Blindrafélaginu
afrakstur Rauðrar fjaðrar**

FRAMLÖG VEGNA TALGERVILS

Söfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi „Rauð fjöður“

Í aprílmánuði 2011 fór fram lands-söfnunin „Rauð fjöður“ sem er á vegum Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Hreyfingin ákvað að allur afrakstur söfnunarinnar skyldi renna til talgervilsverkefnis Blindrafélagsins. Forsvarsmenn hreyfingarinnar afhentu Blindrafélaginu við hátíðlega athöfn í samkomusal félagsins þriðjudaginn 28. júní 2011 afrakstur söfnunarinnar, alls kr. 19.327.359. Blindrafélagið kann Lionshreyfingunni miklar þakkir fyrir að sýna þessu máli svona mikla velvild og landsmönnum öllum fyrir að taka þátt í þessari miklu söfnun.

Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra

Þegar málefni fatlaðra runnu frá ríki til sveitarfélaga á árinu 2010 var ákveðið

að leggja niður Framkvæmdasjóð fatlaðra. Í framhaldi af því ákvað stjórn sjóðsins að ráðstafa eignum hans til ýmissa málefna. Þar á meðal var ákveðið að styrkja talgervilsverkefni Blindrafélagsins um kr. 15.000.000 og var sú upphæð greidd félaginu í janúar 2011. Blindrafélagið sendir stjórn Framkvæmdasjóðsins sínar bestu þakkir fyrir þann mikla skilning sem verkefninu er sýndur með þessari ákvörðun.

Styrkur frá Menntamálaráðuneyti

Í apríl 2011 ákvað Menntamálaráðuneytið að styrkja smíði talgervilsins um kr. 500.000 sem hér er þakkað fyrir.

Allir áðurnefndir styrkir og framlög til talgervilsverkefnisins runnu í Verkefnasjóð Blindrafélagsins sem fjármagnar að öllu leyti smíði hans.

GJAFIR OG STYRKIR TIL BLINDRAFÉLAGSINS

Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2012

Á árinu 2011 átti sú breyting sér stað, að Alþingi samþykkti að hætta að taka á móti umsóknum um fjárstyrki til félags-samtaka í gegnum Fjárlaganefnd Alþingis.

Þess í stað var ákveðið að slíkar umsóknir skyldu fara til Velferðarráðuneytisins og var frestur til að skila umsóknum ákveðinn 9. des. 2011.

Blindrafélagið sótti um styrk til ráðuneytisins og þann 19. mars 2012 var undirritað samkomulag um styrk til félagsins fyrir árið 2012 að upphæð kr. 7.800.000. Til samanburðar fékk félagið úthlutað fjárstyrk að upphæð kr. 8.000.000 á fjárlögum 2011.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildar-

félögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Bandalagið auglýsir eftir umsóknum um styrkina og sótti Blindrafélagið um 3,5 m.kr. styrk til að fjármagna grunnþjónustu, viðhald fasteigna, gerð nýrra viðhorfskannana og útgáfumála.

Blindrafélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 1.750.000. Í árslok 2011 var félaginu úthlutaður viðbótarstyrkur að upphæð kr. 969.000.

Styrkir og gjafir frá ýmsum ónefndum aðilum

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafn síns getið.

Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

RÁÐSTÖFUN ERFÐAGJAFNA

Starfsárið 2010–2011 var óvenjulegt að því leiti að þá bárust félaginu miklar erfðagjafir sem nánar var gerð grein fyrir í ársskýrslu síðasta árs.

Á árinu 2011 voru eftirtaldar húseignir úr umræddum dánarbúum seldar:

- Klapparhlíð 1, Mosfellsbæ (arfur úr dánarbúi Elsu Karlsdóttur). Söluverðið kr. 23.000.000 rann í Verkefnasjóð Blindrafélagsins.
- Laugarásvegur 44 (arfur úr dánarbúi Dóru Sigurjónsdóttur). Söluverð var kr. 60.000.000 sem rann í Verkefnasjóð Blindrafélagsins.

SJÓÐIR FÉLAGSINS OG VEITTIR STYRKIR

Eins og undanfarin ár veitti stjórn Blindrafélagsins allmarga styrki á árinu, bæði hefðbundna úr sjóðum félagsins og tilfallandi styrki til sérstakra verkefna	sem stjórnin ákveður að styrkja á hverjum tíma. Eftirtaldir sjóðir félagsins veittu styrki á árinu.
--	--

Verkefnasjóður Blindrafélagsins

Verkefnasjóður beitti sér á ýmsum sviðum. Hann lagði fjármuni í eftirtalin verkefni:

Smíði á nýjum talgervli	kr. 57.312.000
Stofnframlag í sjóðinn „Stuðningur til sjálfstæðis“	kr. 20.650.000
Viðhorfskönnun (Capacent)	kr. 2.836.000
Leiðsöguhundar – ýmis kostnaður	kr. 2.719.000
Dönsku blindrasamtökin – styrkur v/Evrópuþings 2011	kr. 481.000
Styrkur til ÞPM v/punktaletursráðstefnu	kr. 400.000
Styrkur Fighting blindness, Bretlandi	kr. 183.000
Styrkur v/heimildarmyndarinnar „Fólk með sjónskerðingu“	kr. 120.000
Styrkur til Hólaborgar v/heimsóknar í Perkins blindraskólann	kr. 100.000
Kostnaður og sölulaun vegna tveggja íbúða	kr. 3.216.000
Kostnaður vegna söfnunar „Rauðrar fjaðrar“	kr. 355.000
Fjármagnstekjuskattur	kr. 726.000
Útborganir samtals	kr. 89.098.000

Tekjur Verkefnasjóðs voru eftirfarandi:

Arfshlutir úr dánarbúum	kr. 101.344.000
Söfnun Lionshreyfingarinnar „Rauð fjöður“	kr. 19.327.000
Framkvæmdasjóður fatlaðra – styrkur vegna talgervils	kr. 15.000.000
Aðrir styrkir	kr. 671.000
Innborganir samtals	kr. 136.342.000

Hrein eign Verkefnasjóðs í árslok nam kr. 123.000.000

STYRKARSJÓÐUR MARGRÉTAR JÓNSDÓTTUR

Engar umsóknir bárust um styrki úr sjóðnum á árinu 2011 og því voru engir styrkir veittir. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 9.570.000.
--

NÁMSSJÓÐUR BLINDRA

Námssjóður blindra var lagður niður um mitt ár 2011 eftir að eignir hans, kr. 5.893.000, runnu í hinn nýja sjóð „Stuðningur til sjálfstæðis“. Námssjóður úthlutaði því aðeins einu sinni á árinu, samtals kr. 297.500.

STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐIS

Sjóðurinn „Stuðningur til sjálfstæðis“ STS var stofnaður á árinu 2011 með stofnframlagi að upphæð kr. 36.813.000. Stofnfé sjóðsins er sem hér segir:

• Afmælisgjöf Blindravinafélags Íslands til Blindrafélagsins á 70 ára afmæli þess að núvirði	kr. 16.126.727
• Eignir Menntunarsjóðs til blindrakennslu	kr. 10.270.000
• Eignir Námssjóðs blindra	kr. 5.893.000
• Eftirstöðvar söfnunar Ungblindar	kr. 4.524.000
Samtals	kr. 36.813.727

Sjóðurinn tók yfir skuldbindingar Menntunarsjóðs til blindrakennslu og úthlutaði námsstyrki fyrir seinni námsönn 2011 samkvæmt þeim reglum sem áður giltu hjá Námssjóði blindra. Samtals voru úthlutanir á árinu kr. 1.136.000 og eignir sjóðsins í árslok kr. 36.189.000. Sjóðurinn úthlutar samkvæmt nýjum úthlutunarreglum frá og með árinu 2012 en þær eru birtar á öðrum stað í þessari skýrslu.

ÖNNUR FRAMLÖG OG STYRKIR

Nefndir og deildir félagsins fengu úthlutað kr. 2.193.000 til ýmissa verkefna á þeirra vegum. Því til viðbótar úthlutaði stjórn félagsins styrkjum til einstaklinga og félaga að upphæð kr. 585.000.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Þann 6. apríl 2011 undirritaði Blindrafélagið nýjan þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vegna ársins 2011. Samningurinn fjallar um leiguhúsnæði Blindrafélagsins, félags- og tómstundastarf Blindrafélagsins ásamt starfsemi ráðgjafa, æskulýðsfulltrúa, kynningarfulltrúa og trúnaðarmanna. Samningsupphæðin er kr. 4.400.000.

STARFSMANNAMÁL

Á árinu 2011 urðu þessar breytingar helstar á starfsmannahaldi Blindrafélagsins.

Í febrúar 2011 ákvað Halla Dís Hallfreðsdóttir að minnka starfshlutfall sitt sem trúnaðarmaður félagsins niður í 5% en Klara Hilmarsdóttir, ráðgjafi tók tímabundið við nokkrum fjölda þeirra einstaklinga sem Halla hafði áður liðsinnt þar til nýr trúnaðarmaður, Elín Bjarnadóttir, var ráðin í 25% starf frá og með 1. janúar 2012.

Sigríður Guðmundsdóttir hafði starfað sem lesari Valdra greina og ritstjóri upplesins efnis frá árinu 1993 þar til hún lét af störfum fyrir aldurs sakir í maí 2011. Við starfi hennar tók Þórunn Hjartardóttir sem starfar nú í 25% starfshlutfalli. Þórunn sér um allan innlestur á Völdum greinum auk þess sem hún þýðir áhugavert erlent efni úr erlendum málum.

Hvað ræstingu í Hamrahlíð 17 varðar, urðu eftirfarandi breytingar á árinu 2011; Borgný Katrínardóttir lét af störfum í mars og Laufey Fríða Hjálmarsdóttir í maí. Katrín Gunnarsdóttir tók frá og með sama tíma við öllum þrifum í húsinu.

Gjaldkeri félagsins, Særún Sigurgeirsdóttir, átti við erfið veikindi að stríða seinni hluta ársins 2011 og var mikið frá vinnu af þeim sökum. Í ársbyrjun 2012 óskaði hún eftir því að læknisráði að fara í ótímabundið veikindaleyfi. Særúnu

eru hér með þökkuð óaðfinnanleg störf fyrir Blindrafélagið allt frá árinu 1999 og henni óskað góðs bata og velfarnaðar í framtíðinni fari svo að hennar störfum á vinnumarkaði sé lokið lítið eitt fyrr en hún hafði reiknað með. Frá og með 15. apríl 2012 tók Hildur Björnsdóttir við starfi Særúnar sem gjaldkeri félagsins en áður hafði hún tekið við sem umsjónarmaður ferðaþjónustu blindra. Hildur hefur starfað hjá Blindrafélaginu síðan 2004.

Vegna veikinda fór matráður félagsins, Hafrún Lára Bjarnadóttir í leyfi frá og með 1. desember 2011. Guðberg Halldórsson hefur leyst hana af. Honum til aðstoðar er Þórey Haraldsdóttir.

Æskulýðsfulltrúi félagsins, Þorkell Jóhann Steindal, sagði starfi sínu lausu og mun let af störfum í lok apríl 2012. Honum eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins og óskuð góðs gengis á öðrum vettvangi.

Harpa Völundardóttir, umsjónarmaður afgreiðslu félagsins og starfsmaður skrifstofunnar til 25 ára, hefur verið í veikindaleyfi frá 1. janúar 2011.

Í mars 2012 var Anna Kristín Tryggvadóttir ráðin í tímabundnar afleysingar á skrifstofunni, a.m.k. fram til hausts. Blindrafélagið þakkar öllum starfsmönnum sínum vel unnin störf á árinu og óskar þeim sem hurfu frá störfum velfarnaðar á öðrum sviðum.

Í desember 2011 starfaði 21 einstaklingar hjá félaginu í 13,1 stöðugildum sem er nokkru meira en árið á undan.

Þeir eru, taldir í stafrófsröð:

Birkir Rúnar Gunnarsson, aðgengisfulltrúi
Brynja Arthúrsdóttir, aðaltrúnaðarmaður og kynningarfulltrúi
Grímur Þóroddsson, húsvörður
Hafrún Lára Bjarnadóttir, matráður
Halla Dís Hallfreðsdóttir, trúnaðarmaður
Haraldur Matthíasson, trúnaðarmaður
Harpa Völundardóttir, fulltrúi í afgreiðslu
Hildur Björnsdóttir, fjáröflunarfulltrúi
Jón E. Júlíusson, umsjónarmaður Opins húss
Katrín Gunnarsdóttir, umsjón ræstinga
Klara Hilmarsdóttir, ráðgjafi
Kristinn Halldór Einarsson, formaður og alþjóðafulltrúi
Kristín Waage, bókarí
Lóa Birna Tryggvadóttir, afgreiðsla og sala hjálpartækja
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi
Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri
Steinunn Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi
Særún Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri
Porkell Jóhann Steindal, æskulýðsfulltrúi
Pórey Haraldsdóttir, aðstoð í eldhúsi
Pórunn Hjartardóttir, upplesari Valdra greina

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2011 nam 71,2 milljónum króna að meðtöldum launatengdum gjöldum.

VIÐHALD OG REKSTUR FASTEIGNA

Á árinu 2011 var um 4 milljónum króna varið til viðhalds Hamrahlíðar 17. Þeim fjármunum var að mestu varið í almennt viðhald auk þess sem ein íbúð var verulega lagfærð. Einnig var gamalt eldhús á 4. hæð tekið í gegn og síðan leigt Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni sem geymsluhúsnæði.

Viðbygging

Blindrafélagið hefur lengi haft hug á því að stækka viðbygginguna sem tengir saman gömlu og nýju álmu hússins. Á árinu 2010 var sótt um leyfi til að hækka tengibyggginguna (bílskúrin) um 3 hæðir þannig að hún verði alls 4 hæðir. Þessi útlitsbreyting á húsinu krafðist breytinga á deiliskipulagi sem voru samþykktar í byggingarnefnd Reykjavíkurborgar í mars 2011. Breytingarnar fóru síðan í grenndarkynningu þar sem sérstaklega var beðið um álit frá íbúum tiltekinna húsa sem ekki gerðu athugasemdir við breytingarnar. Byggingarleyfi var gefið út 27. september 2011 og í kjölfar af því voru endanlegar teikningar samþykktar. Framkvæmdir hófust í byrjun desember 2011 og stefnt er að því að viðbyggingin verði uppsteypt í maí 2012. Hafa allar framkvæmdir gengið samkvæmt áætlun. Samkvæmt kostnaðaráætlun mun viðbyggingin kosta tilbúin undir tréverk um 47 m.kr. án gatnagerðargjalda en þau nema um 4 m.kr. Heildarfermetrafjöldi viðbyggingarinnar er 239,6 m² og hússins alls eftir stækkunina 4.314,6 m² eða 13.011,7 m³. Í árslok 2011 var kostnaður vegna viðbyggingarinnar kominn í 8,8 m. kr., þar af um 8,3 m. kr vegna gatnagerðargjalda og hönnunar.

Allar íbúðir í húsinu voru í útleigu í árslok 2011 og á árinu fluttu 2 nýir leigjendur í húsið.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og eitt gestaherbergi. Nýting þeirra árið 2011 var sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 48%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 42%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 24%

Stigahlíð 71

Blindrafélagið á einbýlishúsið að Stigahlíð 71 sem hefur verið leigt Reykjavíkurborg undanfarin ár til reksturs Sambýlisins að Stigahlíð 71 þar sem blindir og sjónskertir einstaklingar eru í meirihluta íbúa.

Mötuneyti

Mötuneytið í Hamrahlíð 17 hefur nú verið rekið óslitið síðan síðla árs 2008 þegar rekstur þess var hafinn að nýju eftir 5 ára hlé.

Rekstrarmódelið miðast við það að notendur greiði sem svarar hráefnis-kostnaði matarins en Blindrafélagið leggur til annan kostnað, þ.m.t. laun starfsmanna. Á síðasta ári stóð þetta í járnum, þ.e. tekjur vegna matarsölu voru jafnhá upphæð og kostnaður vegna matvæla. Nú borða um 25 manns að jafnaði hádegismat í mötuneytinu. Ennfremur þjónar mötuneytið Opnu húsi og öðru félagsstarfi á vegum félagsins. Matráður er Hafrún Lára Bjarnadóttir og henni til aðstoðar er Pórey Haraldsdóttir. Vegna veikinda matráðs undanfarna mánuði hefur Guðberg Halldórsson hlaupið í skarðið.

FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRA

Í lok ársins 2011 voru um 610 einstaklingar, sem nýttu sér ferðaþjónustuna og hefur þá notendum fjölgað um 147 á árinu. Þar af eru 99, sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðum hefur fækkað úr 36.297 í 35.697, eða um 600 ferðir og ferðum með 21% afslætti hefur fjölgað úr 3.316 í 3.677 eða um 361. Hér fyrir neðan er yfirlit sem sýnir hvernig ferðafjöldi og kostnaður skiptist milli sveitarfélaga sem bjóða upp á sérstaka ferðaþjónustu fyrir blinda:

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal
Akureyri	1.001.133	1.162	862
Álftanes	233.157	189	1.234
Hafnarfjörður	978.468	721	1.357
Reykjavík	40.949.265	33.014	1.240
Seltjarnarnes	744.571	602	1.237
Kaldrananeshreppur	5.910	9	657
Samtals	43.912.504	35.697	
Notendur með 21% afslátt	2.395.211	1.173	2.041

Á ofangreindu yfirliti um ferðaþjónustuna og kostnað við hana sést að meðalferðin í Reykjavík á árinu kostaði kr. 1.240 að frádregnum kostnaði notandans sem vanalega nemur einu strætófargjaldi, kr. 350. Þetta er 8% hækkun á ferðakostnaði frá 2010. Ferðakostnaður pr. ferð fyrir notendur með 21% afslátt er 2.041 kr. á ári.

Hafnarfjarðarbær greiðir

Blindrafélaginu fasta krónutölu á ári fyrir ferðaþjónustu handa lögblindum íbúum Hafnarfjarðar. Þessi upphæð hefur lengi verið óbreytt og hafa notendur því þurft að taka á sig miklar

skerðingar í ferðafjölda og núna eru aðeins að hámarki 8 ferðir á mánuði til ráðstöfunar til hvers notanda.

Einnig hefur þurft að grípa til þess að skerða þjónustu við íbúa Akureyrar sem njóta ferðaþjónustu blindra þar í bæ. Þar var sú leið farin, í samráði við notendur, að setja þak á kostnað við hverja ferð. Notendur þurfa sjálfir að greiða umframkostnað ef farið er fram yfir þakið. Í nýjum samningi við Akureyrarbæ var fallist á hækkun á framlögum vegna ferðaþjónustunnar sem gerir félaginu kleift að hækka kostnaðarþakið fyrir hverja ferð úr 1.500 kr í 2.000 kr.

Blindrafélagið hefur haldið áfram að þrýsta á bæjaryfirvöld í Kópavogi, Mosfellsbæ og Árborg um ferðapjónustu handa lögblindum íbúum þessara bæjarfélaga með litlum árangri. Blindrafélagið stendur við bakið á tveimur félagsmönnum vegna mála sem þeir reka á hendur Kópavogsbæ. Í Mosfellsbæ var gerður samningur fyrir einn félagsmann um ferðapjónustu

honum til handa. Árborg hefur samþykkt að greiða lögblindum íbúum sveitarfélagsins ferðapjónustu í Reykjavík sem tengist félagsstarfi Blindrafélagsins. Nú standa yfir viðræður við fulltrúa bæjarins um fyrirkomulag þeirrar þjónustu. Nánar verður fjallað um stöðu ferðapjónustumála í skýrslu réttindalögmans Blindrafélagsins.

SKÝRSLA RÉTTINDALÖGMANS BLINDRAFÉLAGSINS

Mér hefur hlotnast sá heiður að vinna að margvíslegum málum með Blindrafélaginu á liðnum misserum. Hér að neðan kem ég inná nokkur af þeim verkefnum sem ég hef unnið að með félaginu.

Fyrst má þar nefna aðstoð við lögblindan einstakling sem bjó í Hafnarfirði en var neitað um fullnægjandi ferðapjónustu þegar hann þurfti að hætta að keyra sjálfur. Maðurinn, sem starfaði hjá fyrirtæki í Reykjavík, fékk að lokum rétt sinn frá Hafnarfjarðarbæ.

Í annan stað má nefna erindrektur í kringum kosningar til stjórnlagabings þar sem að framkvæmd kosninganna var ekki ásættanleg fyrir blinda einstaklinga. Eftir fundi með innanríkisráðherra fór svo að framkvæmdinni var breytt á þann veg að blindir einstaklingar fengu að hafa sinn persónulega fulltrúa sér til aðstoðar. Þetta var ásættanlegt sem tímaþundin lausn en loforð var tekið af ráðu-

neytinu að hafa málefni blindra sérstaklega í huga í framtíðinni.

Í þriðja lagi tók ég þátt í að semja umsögn Blindrafélagsins um leiðbeinandi reglur Velferðarráðuneytisins um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem samdar eru fyrir sveitarfélög. Svo fór að Blindrafélagið skilaði ítarlegri umsögn með töluvert af tillögum til úrbóta. Í lokaútgáfu leiðbeininganna hafði verið tekið tillit til nær allra ábendinga Blindrafélagsins.

Í fjórða lagi aðstoðaði ég lögblindan einstakling í Mosfellsbæ sem ekki fékk þá ferðapjónustu frá sveitarfélaginu sem hann taldi sig eiga rétt á. Eftir að málinu var stefnt fyrir dóm kom Mosfellsbær á móts við hann og var málið leyst með samningum.

Í fimmta lagi má svo nefna aðkomu mína að samskiptum við sveitarfélagið Árborg um bættu þjónustu við blinda íbúa bæjarfélagsins. Reynt var að semja við bæjarfélagið um annars vegar þjónustu fyrir íbúana innan sveitarfélagsins og

hins vegar innan Reykjavíkur þegar leið þeirra liggur þangað. Það verkefni er enn í gangi en mikil brotalöm er á ferilmálum í sveitarfélaginu.

Í sjötta lagi ritaði ég erindi til fjármálaráðuneytisins þar sem það var krafið svara um það hversu oft heimild laga nr. 87/2007, um opinber innkaup, til að afmarka útboðsferli við ákveðna hópa, m.a. vinnustofur fatlaðra, hefði verið nýtt á Íslandi. Þá var einnig spurt hvort að fyrirhugað væri að nýta umrædda heimild á næstunni. Svar ráðuneytisins var að umrædd heimild hefði aldrei verið nýtt og að ekki væri fyrirhugað að gera það í náinni framtíð.

Í sjöunda lagi hef ég rekið mál löglinds íbúa Kópavogsbæjar sem telur að bæjarfélagið sé ekki að veita henni þá ferðapjónustu sem lög gera ráð fyrir. Það mál var rekið sem flýtimeðferðar mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness en var vísað frá í fyrstu tilraun. Málið er hins enn í fullum gangi enda hefur málsgrundvöllurinn styrkst verulega með tilkomu þeirra leiðbeinandi reglna sem vísað er til í lið þrjú hér að ofan. Eru vonir bundnar við að það megi leysa málið á þessu ári.

Í áttunda lagi vann ég að því að krefja Akureyrarbæ um fullnægjandi húsnæðisúræði fyrir ungan dreng sem var að missa sjónina vegna alvarlegs hrömnunar-

sjúkdóms sem hann tókst á við. Fólst krafan í því að bæjarfélagið endurgreiddi foreldrum drengsins það fé sem þau höfðu eytt í breytingar á heimili drengsins til að gera honum kleift að búa þar eftir því sem heilsu hans hrakaði. Svo fór að bæjarfélagið samþykkti nýjar reglur um greiðslu bæjarfélagsins á breytingum sem einstaklingar þurfa að gera á íbúðarhúsnæði sínu vegna fötlunar sinnar. Þá féllst bæjarfélagið einnig á að láta reglurnar gilda afturvirkir í tilfelli umræddrar fjölskyldu.

Í níunda lagi má nefna erindrekstur minn fyrir löglindan íbúa Kópavogsbæjar sem sótti það að fá fullnægjandi ferðapjónustu frá bæjarfélaginu. Í upphafi var málið rekið fyrir úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála og svo fyrir umboðsmanni Alþingi. Þegar málið barst umboðsmanni Alþingis samþykkti Kópavogsbær að veita umbjóðanda mínum þá þjónustu sem hann krafðist og féll málið þar með niður.

Einhver fleiri verkefni hafa borist mér frá Blindrafélaginu og hefur það verið ánægja mín að fá að takast á við þau fyrir hönd félagsins. Vonandi verður gott framhald þar á.

Virðingarfyllst,
Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.

VALDAR GREINAR 36. ÁRGANGUR 2011, ÁRSSKÝRSLA

Árið 2011 komu út 24 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 92 klst. og 56 mínútur.

Árið 2010 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 62 klst. og 40 mínútur.

Áætlað er að á þessu ári, 2012, komi út 24 tölublöð. Þar af eitt tölublað í júlí og ágúst, en tvö tölublöð hina mánuðina.

1. apríl 2011 tók Þórunn Hjartardóttir við lestri á Völdum greinum, en Sigríður Guðmundsdóttir hafði séð um innlestur úr blöðum í rúma tvo áratugi. Gerði hún það með miklum ágætum.

Val efnis jókst til muna. Lesið er nú mun meira úr dagblöðum. Jafnframt er lesið úr ýmsum vefritum. Flest það efni sem birtist á póstlista Blindrafélagsins, blindlist@ismennt.is, er lesið og einnig ýmsar fréttir af heimasíðu félagsins. Komið hefur í ljós að tölvulæsi félagsfólks virðist ekki eins mikið og ætla mætti. Væri fróðlegt að gera ítarlega könnun á tölvulæsi félagsmanna.

Nokkrar nýjungar hafa verið teknar upp á Völdum greinum:

Fyrst má nefna að frá áramótun 2011 - 2012 höfum við birt framhaldssögu.

Ábending kom um það frá einum áskrifanda að birta gómsætar uppskriftir og hefur fengist leyfi til þess frá Gestgjafanum.

Birt eru margskonar viðtöl við félagsfólk og virðast þau hafa vakið ánægju og athygli hjá áskrifendum.

Valdar greinar eru sem fyrr lifandi tengiliður Blindrafélagsins við félagsmenn sína. Fjölfölduð eru 425 eintök hálfsmánaðarlega að jafnaði, auk þess sem Valdar greinar eru alltaf settar á heimasíðu Blindrafélagsins.

Sem fyrr hef ég átt góð samskipti við félagsmenn og þá sem koma að gerð Valdra greina, en auk okkar Þórunnar eru það aðallega formaður og félagsmála-fulltrúi Blindrafélagsins.

Deildir félagsins mættu gjarnan nýta Valdar greinar mun betur en gert er. Hægt er að koma fyrir allt að 10 klukkustundum á einn disk svo að rýmið er nóg.

Með auknu efni frá félaginu verða til ómetanlegar heimildir um félagsstarfið á hverjum tíma.

Reykjavík 31. mars 2012

Gísli Helgason, ritstjóri Valdra greina.



Gísli Helgason, ritstjóri Valdra greina

SKÝRSLA RÁÐGJAFNA Á FÉLAGSSVIÐI FYRIR ÁRIÐ 2011

Helstu verkefni ráðgjafa á félagssviði eru:

- Vinna með félagsmönnum og aðstandendum þeirra, sem vilja og/eða þurfa að breyta einhverju í lífi sínu
- Standa vörð um réttindi og hagsmuni einstakra félagsmanna og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum
- Fylgjast með þróun réttindamála
- Vinna að endurhæfingarmálum blindra og sjónskertra
- Vinna að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra
- Halda utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins, skipuleggja fundi með trúnaðarmönnum og boða til þeirra
- Umsjón með sjóðnum Blind börn á Íslandi

Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins

Starfshlutfall ráðgjafa á félagssviði hefur verið u.þ.b. 60% á ári undanfarin ár. Vinnutími ráðgjafa er frá kl. 9.00 – 15.00 frá mánudegi til fimmtudags að báðum dögum meðtöldum. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við ráðgjafa um hvaðeina sem á bjatar án þess að skrá sig sérstaklega í viðtal. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel en hefur haft það í för með sér að tölur um skráð viðtöl og fjölda skjólstæðinga eru ekki eins nákvæmar og fyrr. Fyrir utan viðtöl sinnir ráðgjafi erindum í síma og með tölvuskeytum og fer töluverður tími í að sinna málum skjólstæðinga með þeim miðlum.

Ráðgjafi hefur getað í æ frekara mæli vísað á trúnaðarmenn félagsins, t.d. hvað varðar móttöku nýrra félagsmanna. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðgjafi á félagssviði einbeitt sér að þeim einstaklingum sem þurfa sérstakrar þjónustu við og haft tíma til þess að sinna fræðslu og samstarfi við þá aðila sem koma að málum þeirra.

Á árinu 2011 tók ráðgjafi á móti 55 nýjum félagsmönnum og veitti þeim viðtöl og leiðbeiningar. Auk þess veitti ráðgjafi öðrum félagsmönnum og aðstandendum þeirra 117 viðtöl og margvíslega aðra aðstoð við að fóta sig í lífinu við breyttar aðstæður. Samtals eru þetta 170 viðtöl á árinu 2011.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar voru stofnanir sveitarfélaga sem sjá um félagslega heimaþjónustu, liðveislu og öldrunarþjónustu, ýmsar öldrunarstofnanir, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og dauðblindra einstaklinga, Tryggingastofnun ríkisins, Velferðar- ráðuneyti, Reykjavíkurborg, Vinnu- miðlun fatlaðra, Hringsjá, systurfyrirtæki Símans, Já.is, Proskahjálpi og Öryrkjabandalag Íslands.

Trúnaðarmenn Blindrafélagsins

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Ennfremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta.

Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi.

Trúnaðarmenn mæta reglulega í „Opíð hús“ Blindrafélagsins og sinna þar störfum sínum við að taka á móti félagsmönnum og veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagsstarf og réttindi sjónskertra. Þeir hringja í alla félagsmenn að minnsta kosti tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 600 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund. Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir sem jafnframt er yfirtrúnaðarmaður, Elín Bjarnadóttir, Haraldur Mattíasson og Halla Dís Hallfreðsdóttir. Auk þeirra eru nokkrir félagsmenn sem sinna trúnaðarmanna-

störfum í sjálfböðavinnu og vinna við einstök mál í sjálfböðastarfi þegar þess er óskað. Reynslan af þessum breytingum hefur verið mjög jákvæð og margir félagsmenn hafa látið í ljós ánægju með betri tengingu við félagið og bættar upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er fyrir félagsmenn.

Sérstakur starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn 27. apríl 2012 en þá var trúnaðarmönnum leiðbeint um hvernig best sé að eiga árangursrík samskipti við fólk við krefjandi aðstæður.

Leiðbeinandi á þessum sérstaka starfsdegi var Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur. Trúnaðarmenn voru sammála um að dagurinn hefði verið mjög lærdómsríkur og voru sammála um að margt af því sem fram kom myndi nýtast þeim vel í starfi.

ÁRSSKÝRSLA KYNNINGARFULLTRÚA 2011–2012

Starfssvið kynningarfulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu um áhrifum blindu og sjónskerðingar og umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Rádíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig ekki á að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningarfulltrúi reglulega Ökuskólann í Mjódd með fræðslu fyrir verðandi leigubílstjóra. Farið var í nokkra grunnskóla á höfuðborgar-

svæðinu og spjallað við nemendur í 8., 9. eða 10. bekk.

Kynningarfulltrúi hélt fyrirlestra fyrir starfsfólk á vistheimilunum Grund og Mörk. Ennfremur fyrir starfsfólk Blindrabókasafns Íslands sem var mjög ánægt með fræðsluna. Þar fyrir utan tók kynningarfulltrúi þátt í fræðslu fyrir starfsfólk Félagsþjónustu Hafnarfjarðar ásamt Klöru Hilmarsdóttur ráðgjafa félagsins og Völu Jónu Garðarsdóttur deildarstjóra hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni. Alls hélt kynningarfulltrúi tuttugu og sex fyrirlestra á árinu.

*Brynja Arthúrsdóttir
Kynningarfulltrúi Blindrafélagsins*

OPIÐ HÚS 2011



Spilað og leikið í Opnu húsi

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og er ávallt vel sótt.

Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki.

Þar eiga menn góðar stundir saman, njóta þess sem boðið er upp á í söng, upplestri, tónlist og öðru því sem á dagskrá kann að vera.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk, en þó

mætir þangað fólk á ýmsum aldri.

Opið hús var með hefðbundnu sniði síðastliðið starfsár líkt og undanfarin ár, á þriðjudögum og fimmtudögum hófst það kl. 13.00 og stóð til kl. 15.00.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Jón Júlíusson, Guðrún Ásmundsdóttir, Jónína H. Jónsdóttir og Geirlaug Þorvaldsdóttir. Tengiliður frá skrifstofu Blindrafélagsins var Steinunn H. Hákonardóttir félagsmálafulltrúi.

Opið hús fór í tvær dagsferðir síðastliðið vor, sú fyrri var farin í Reykholt og uppsveitir Borgarfjarðar og snæddur kvöldverður í Borgarnesi. Hin ferðin var farin í byrjun júní að Slakka í Biskupstungum. Í boði hússins var kaffi og vöffur og síðan stiginn dans.

Haustferð var farin fyrri hluta nóvember. Farið var á Hótel Heklu á Skeiðum þar sem drukkið var síðdegiskaffi. Síðan var ekið niður Biskupstungur að Eyrarbakka þar sem snæddur var kvöldverður.

Opið hús á laugardögum

Sjöunda starfsár Opna hússins á laugardögum hófst haustið 2011, en starfsemi þess hefur sífellt notið meiri vinsælda með hverju árinu.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði á fimm vikna fresti frá september til júní ár hvert. Dagskráin hefst ávallt kl. 11.00 með fyrirlestri.

Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12.00 er framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.00.

Í vetur hafa margir góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Kristínu Sjöfn Valgeirsdóttur jógakennara og ilmolúfræðing, Guðnýju Einarsdóttur ráðgjafa Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar, Janus Guðlaugsson MED- íþróttifræðing og doktorsnema.

Í vetur hafa margir góðir tónlistarmenn spilað og sungið fyrir gesti, hljómsveitin Baggalútur, KK, Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson, Sigmundur Júlíusson og fleiri.

Umsjónarmaður Opna hússins á laugardögum er Steinunn H. Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins.

GREINARGERÐ AÐGENGISFULLTRÚA VEGNA STARFSÁRSINS 2011

Starf aðgengisfulltrúa á sviði rafrænna upplýsinga er víðtækt og spennandi. Ógrynni verkefna er í boði og vandamálið er oft aðallega að forgangsraða þeim. Í grófum dráttum má skipta starfsviðinu í fernt:

- Vinna við einstakar vefsíður og skjöl.
- Vinna við lagasetningu um aðgengi og að aðgengi verði hluti af rafrænni upplýsingastefnu stjórnvalda.
- Fræðsla fyrir tölvunarfræðinema,

fyrirtæki og stofnanir í vefþjónustu.

- Alþjóðlegt samstarf og rannsóknir.

Á árinu 2011 var líka mikið unnið með nýja íslenska talgervilinn og verður því gerð skil í lok greinarinnar.

Einstakar vefsíður og skjöl

Á árinu 2011 var samstarfi við aðila vegna einstakra vefsíðna haldið áfram.

Má þar nefna Ríkisútvarpið, Opin kerfi, ýmsa heimabanka, Meniga.is, heimasíðu

Akureyrarbæjar, Ríkisendurskoðun, Blindrabókasafn Íslands, hljodbok.is og fleiri.

Var sú stefna mörkuð að aðgengisúttekt væri gerð á forsíður út frá WCAG 2.0 AA staðlinum, en hann er sá aðgengisstaðall sem er notaður til mælinga. Síðan er ferilfræðileg úttekt gerð á tveimur til þremur helstu aðgerðum sem síðan býður upp á (t.d. að kaupa hlut, fá lánaða bók, sækja eyðublað). Þessi úttekt er vefsíðueiganda að kostnaðarlausu og í henni eru ráðleggingar um hvað fara mætti betur.

Pó svo úttekt sé gerð og niðurstöðum hennar komið til þess fyrirtækis sem sér um þróun síðunnar, er ekki þar með sagt að nauðsynlegar lagfæringar eigi sér stað. Í sumum tilfellum er það svo en í öðrum er nokkuð ljóst að úttektin lendir í skrifborðsskúffu eða rafrænni möppu einhvers staðar. Fulltrúi fylgir úttektum eftir a.m.k. einu sinni með tölvupósti, en hefur lítil tök á því að gera mikið meira þar sem lagastoð vantar sem gerir aðgengi að skyldu. Athygli fulltrúa vekur að einkafyrirtæki hafa yfirleitt brugðist betur við og lagfært hlutina hjá sér betur en opinberir aðilar.

Í ljós hefur komið að aðgengi rafrænna eyðublaða er mun lakara en aðgengi að vefsíðunum sjálfum.

Lagasetning og upplýsingastefna

Að gefinni reynslu var ljóst að nauðsyn bæri til þess að auka fræðslu og þrýsting

um að aðgengi verði tekið inn í regluverk og opinbera stefnumótun til framtíðar, sérstaklega þar sem opinberar yfirlýsingar um upplýsingasamfélagið Ísland eru nokkuð stóryrtar hvað varðar gæði og ágæti þess sem koma skal. Skýrsla vegna þessa var send upp í Velferðarráðuneyti og var okkur heitið því að hún myndi rata víðar í stjórnkerfinu. Einnig voru formlegar athugasemdir aðgengisfulltrúa gerðar við fjarskiptaáætlun stjórnvalda, sem til umræðu kom á alþingi undir lok 2011. Fleiri athugasemdir hafa verið gerðar á árinu 2012 og verða stjórnvöld beitt auknum þrýstingi til þess að taka tillit til aðgengis á öllum sviðum upplýsingatækni m.a. vegna strangari reglugerða um aðgengi í nágrannalöndum okkar, vegna tilvonandi Evróputilskipunar 376 um aðgengi opinberrar upplýsingatækni, og á grunnvelli ákvæða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fræðsla fyrir nemendur og fagfólk.

Af samskiptum við vefsíðufólk varð fljótlega ljóst að vandinn lægi oft frekar í skilningsleysi og upplýsingaskorti en viljaleysi til umbóta. Það þarf mjög lítið til að bæta aðgengi á ákveðnum atriðum verulega, og oft eru til ókeypis forrit til að gera aðgengisúttekt á einstökum hlutum t.d. litasamsetningu á vefsíðum. Var því snemma ljóst að augin fræðsla væri nauðsynlegur hluti umbóta í aðgengismálum. Í því augnamiði hélt ég 90 mínútna fyrirlestur um aðgengismál

fyrir tölvunarfræðinema í Háskólanum í Reykjavík á haustönn 2011, og er áformað að gera meira í þeim efnum á vegum skólans, bæði fyrirlestrar í námskeiðum fyrir lengra komna og hugsanlega aðgengisúttekt á lokaverkefnum.

Er búist við að samstarfið eflist á árinu 2012. Að sama skapi voru kynningarfundnir haldnir fyrir nokkra vefstjóra opinberra stofnana undir lok árs 2011. Viðbrögð hafa verið góð og aðgengisumræða innan opinberra geirans virðist fara sívaxandi. Haustið 2011 fór fram úttekt á gæðum opinberra vefsíðna og var aðgengi hluti af henni.

Aðgengisúttektin sjálf var afar takmörkuð og ófullnægjandi en svo virðist sem viðbrögð við ábendingum um hana séu jákvæð og umræða um aðgengismál innan opinberra geirans fer sívaxandi.

Að lokum verða kynningar á vefaðgengi haldnar í nokkrum af stærstu vefsíðuhönnunarfyrirtækjum landsins á árinu 2012, og vonumst við til að skilningur og áhugi fari vaxandi í kjölfarið líkt og innan opinberra geirans.

Alþjóðlegt samstarf

Við eigum mikið undir að nýta okkur bæði þekkingu og aðferðir þeirra sem lengra eru komnir í aðgengismálum. Bandaríkjamenn nota óspart lög til að knýja fram aðgengisumbætur, enda hafa þeir skapað lagastoð fyrir aðgengismál.

Norðmenn eru langt komnir með eina framsæknustu aðgengislöggjöf í heiminum í dag sem tekur gildi sumarið 2013, Frakkar eru með eina bestu upplýsingasíðu um aðgengismál í heiminum, og Evrópusambandið er að vinna að tilskipun um aðgengi innkeyprar upplýsingatækni, sem tekur til opinberra innkaupastofnana auk þess að gera kröfur um aðgengi vefsíðna sem bjóða upp á þjónustu.

Alþjóðlegar rannsóknir og þrýstihópar reyna að bæta aðgengi að samfélagssíðum á borð við Facebook og Twitter, en fyrirtæki og stofnanir á Íslandi eru farin að nýta sér þær í auknum mæli til að koma upplýsingum til almennings, og svo mætti lengi telja.

Fyrirtæki á borð við Google og Apple eru að bæta aðgengismöguleika í skjálestrarhugbúnaði og hafa áhrif á staðla myndun sem stýra aðgengislöggjöfinni. Því er alþjóðlegt samstarf einn mikilvægasti þáttur í því að tryggja betra upplýsingaaðgengi fyrir blinda og sjónskerta á Íslandi. Undirritaður var skipaður sem fulltrúi Íslands í 10 manna nefnd um upplýsingaaðgengi á vegum evrópsku blindrasamtakanna, European Blind Union, og tekur einnig virkan þátt í umræðum á póstlistum, nefndum og vinnuhópum á vegum W3C og WebAIM.

Birkir R. Gunnarsson, aðgengisfulltrúi



SKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA OG UNGBLIND

Ungblind hefur staðið fyrir kaffihúsaferðum fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Einnig voru sóttar norrænar sumarbúðir í Finnlandi þar sem þemað var Eyststrasaltið. Ungblind sendi fjóra meðlimi á sumarbúðirnar.

Á árinu fékk Ungblind þá fjöður í hatt sinn að fyrir að hafa verið kanadískum ungmennum innan handar við að koma á fót sambærilegu ungmennastarfi og þekkist hér, á eyjunni Prince Edwards Island. Kanadísku ungmennin hrifust af hugmyndum Ungblind og hafa sett á fót sín eigin ungmennasamtök innan

kanadísku blindrasamtakanna. Ungblind gleðst fyrir þeirra hönd og sjáum við fram á frekari samskipti við þennan nýbakaða ungmennahóp.

Í byrjun ársins 2012 fór fjögurra manna hópur frá Ungblind út til Danmerkur og tók þátt í samnorrænum tónlistarbúðum. Ferðin var skipulögð af sérfræðingum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar í gerð punktaletursnótna. Þetta er í fyrsta skiptið sem Ísland tekur þátt í þessum árlegu tónlistarbúðum. Ferðin gekk vel og útlit fyrir að þetta samstarf muni halda áfram.

Þorkell J. Steindal, æskulýðsfulltrúi



Páll Guðbrandsson, formaður Foreldradeildarinnar og Sindri Pálsson



Vaka Rún Þórsdóttir fönðrar með Völu Karen móður sinni

FORELDRADEILD BLINDRAFÉLAGSINS STARFSÁRIÐ 2011-2012

Keiluferð í Keiluhöll Íslands í apríl 2011.

Það var góð mæting og allir skemmtu sér mjög vel í keilu, margir voru að prófa íþróttina í fyrsta skiptið og nokkrir foreldrar töluðu um að þeir hefðu ekki haft hugmynd um að barnið þeirra myndi hafa gaman af keilu.

Eftir að allir voru búnir í keilu þá borðuðum við saman pizzu í Keiluhöllinni og haldinn var aðalfundur foreldrafélagsins í framhaldi af því.

Páll Guðbrandsson var endurkjörinn sem formaður foreldrafélagsins, Þóra Þorgeirsdóttir endurkjörin sem ritari og Elma Finnbogadóttir kom inn í stjórnina sem meðstjórnandi. Inga Guðmundsdóttir sagði sig úr stjórninni og var henni þakkað fyrir góð störf á undanförunum árum.

Sumarhátíð sjóðsins Blind börn á Íslandi í júní 2011.

Grill og gaman, hátt í 80 manns mættu!

Aðventuskemmtun Blindrafélagsins í desember 2011.

Föndrað og jólahappdrætti með flottum vinningum, jólastemmingin var mikil. Um 40 manns mættu.

Heimsókn í sælgættisgerðina Freyju febrúar 2012 með sjóðnum Blind börn á Íslandi.

Verksmiðjan var skoðuð og allir fengu síðan páskaegg með sér heim.

Páskabingó í mars 2012.

Fjölmargir vinningar voru í boði og í lokin borðuðu allir saman pizzu. Um 30 manns mættu í bingóið.

Facebooksíða félagsins

„Foreldrar blindra og sjónskertra barna“ hefur verið nokkuð virk þar sem skila-boðum um viðburði hefur verið komið áleiðis og foreldrar skipst á hugmyndum og vangaveltum.

Í maí 2012 er stefnt að því að halda næsta aðalfund félagsins, þar verður mótað hvað gera skal á næsta starfsári og kosið í næstu stjórn.

SKÝRSLA KVENNADEILDAR STARFSÁRIÐ 2011–2012

Þann 20. ágúst fórum við Arna og Kaisa á fund Norrænu kvennasamtakanna í Onnela í Finnlandi.

Einnig sóttum við fund Norrænu blindrasamtakanna sem haldinn var þar á sama tíma.

Rætt var á þessum fundum meðal annars hve lítil þátttaka kvenna er í forystu, stjórnun og framlínu yfirleitt í félögum og líka þátttöku í Evrópusamtökum blindra EBU. Ráðstefna EBU var haldin síðastliðinn október. Áberandi er hversu mikið karlaveldi er þar við lýði.

Eftir NKK og NSK fundina var stór og fín ráðstefna um endurhæfingu og voru tvær aðrar konur frá Íslandi viðstaddar. Næsti viðburður á vegum kvennadeildar var í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð þann 29. október og var boðið upp á Zumba kennslu. Vel var mætt af konum á öllum aldri. Að dansi loknum var haldið í Café Bleu í Kringlunni.

Ákveðið var á fundinum í Finnlandi að gera könnun á Norðurlöndum um tölvunotkun kvenna. Hér var henni hrint í framkvæmd og verður Kaisa með niðurstöður hennar á næsta NKK fundi þann 20. – 21. mars.

Farið verður í vorferð að Garðyrkjustöðinni Engi í Laugarási. Þar búa garðyrkjufræðingarnir Sigrún og Ingólfur. Þau munu fræða okkur um ræktun kryddjurta. Þau eru líka með markað þar sem hægt er að kaupa kryddjurtir sem má rækta áfram heima í glugga eða úti í garði.

Aðalfundur verður haldinn í framhaldinu en við munum að öllum líkindum borða í veitingahúsinu Björk í Reykholti. Þessi ferð er áætluð 20. apríl n.k.

Reykjavík 15. mars 2012

*Rósa Ragnarsdóttir, formaður
Kvennadeildar*

STARFSEMI RP DEILDAR 2011–2012

Stjórn RP deildarinnar skipa Sigbór U. Hallfreðsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Guðrún Skúladóttir ritari og Alexander Hrafnkelsson og Elín Bjarnadóttir meðstjórnendur.

Á aðalfundi RP deildarinnar á vor-
mánuðum var samþykkt að breyta nafni deildarinnar í Retina Ísland. Retina Ísland hefur nú öðlast fulla aðild að Retina International sem m.a. stendur fyrir reglulegum ráðstefnum þar sem koma saman lærðir sem leikir til að

hlusta á fremstu vísindamenn heimsins segja frá rannsóknum sínum á sviði augnsjúkdóma og augnlækninga sem tengjast sjónhimnunni. Í raun má segja að Retina Ísland sé vísindavettvangur Blindrafélagsins. Á Feisbókarsíðu Retina Ísland eru birtar fréttir af rannsóknum og tilraunum í leitinni að meðferðum og lækningum á nú ólæknandi augnsjúkdómum svo sem eins og arfgengum sjónhimnusjúkdómum (RP) og aldurstengdri hrörnun í augnbotnum (AMD).

Í október sóttu fulltrúar Retina Ísland ársfund norrænu RP samtakanna sem að þessu sinni var haldinn í Noregi. Í tengslum við ársfundinn var farið á RP symposium sem norsku samtökin í samvinnu við augnlækna héldu á Ullevål-sjúkrahúsinu í Osló.

Í mars stóð Retina Ísland fyrir opnum fræðslufundi þar sem Guðrún Kristín Þórsdóttir og Kristín Sigríður Garðarsdóttir, frá ráðgjafar- og sálgæslusetrinu Heild fjölluðu um sálgæslu, ráðgjöf og leiðsögn fyrir þá sem eru að ganga í gegnum erfiða lífsreynslu og breytingar í lífi sínu, með sérstakri áherslu á sjónmissi.

Á síðasta starfsári hefur RP deildin sem fyrr staðið fyrir óformlegum fundi fólks á aldrinum 25–55. Markmiðið hefur verið að fólk á virkum vinnumarkaði, á líkum aldri og sem er á svipuðu róli hvað varðar sjónmissinn hittist og spjalli á óformlegum nótum um aðstæður sínar og reynslu.

Einnig hefur verið horft til þess að þetta sé vettvangur til að ná til þeirra sem ekki eru ennþá tilbúnir að ganga í Blindrafélagið en eru með RP.

Þessir óformlegu fundir ganga undir nafninu „RP hittingur“ og eru að jafnaði fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann.

STARFSEMI NORÐURLANDSDEILDAR

Yfirlit yfir það helsta sem gerðist hjá Norðurlandsdeild Blindrafélagsins á liðnu ári:

Fyrsti fundur hjá Norðurlandsdeild 2011 var Þorrafundur sem haldinn var 6. febrúar. Maturinn kom frá Bautanum og smakkaðist vel og Rafn Sveinsson fór með gamanmál.

Þann 13. mars héldum við bingó þar sem glæsilegir vinningar voru í boði. U.þ.b. 50 manns mættu á bingóið og skemmtu sér ljómandi vel. Bingóstjóri var Rafn Sveinsson.

15. september fórum við í keilu. Það var vel mætt og börn og fullorðnir skemmtu sér vel saman.

24. október var haldinn fundur þar sem Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri búsetudeildar kynnti okkur þjónustu sem Akureyrarbær býður upp á fyrir okkar fólk.

24. nóvember var haldinn fundur til að kynna starfsemi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar, Blindrafélagsins og Norðurlandsdeildar. Vala Jóna Garðarsdóttir, umferlis- og adl-kennari og Kristín Gunnarsdóttir, sjónfræðingur sögðu frá starfsemi stöðvarinnar.

Kristinn H. Einarsson, formaður Blindrafélagsins sagði frá starfsemi Blindrafélagsins og Halldór Sævar Guðbergsson sagði frá starfsemi Norðurlandsdeildar. Jólafundur var haldinn 11. desember. Maturinn kom frá Bautanum og var ljómandi góður að venju.

Séra Hannes Örn Blandon flutti jólahugvekju og tók með sér gítarinn og söng fyrir okkur nokkur lög og naut aðstoðar Snorra Guðvarðssonar gítarleikara.

Pálmi Stefánsson.

STARFSEMI SUÐURLANDSDEILDAR ÁRIÐ 2011

Árið var viðburðaríkt og margt gert nýstárlegt. Alls voru haldnir sjö fundir á árinu.

Á janúarfundinn komu góðir gestir, þau Ólöf Halldórsdóttir og Sigurður Sigurðarson maður hennar, og fluttu okkur kveðskap og söng. Var gerður góður rómur að skemmtun þeirra og Gísli Helgason mætti og tók fundinn upp. Hann var svo fluttur á Völdum greinum. Febrúarfundurinn var aðalfundur deildarinnar og var stjórnin endurkjörin. Þær voru Erla Jakobsdóttir, Jóhanna Kondrup og Guðrún S. Þórarinsdóttir. Einnig var ákveðið að skipa fólk í ferðaðjónustunefnd og tóku það að sér þær Ingibjörg Sigtryggisdóttir og Guðrún S. Þórarinsdóttir. Hefur sú nefnd barist fyrir sanngjarnri ferðaðjónustu fyrir félagi Blindrafélagsins á Suðurlandi. Á ýmsu hefur gengið í ferðaðjónustumálunum og bar til dæmis það til tíðinda að enn voru tekin af okkur þau fríðindi að nota Blindrafélagsskírteinið í strætó og fá fargjaldið á sömu kjörum og félagar okkar í borginni. Tókst að fá það leiðrétt þegar málið var kynnt fyrir Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, sem reyndust vinsamleg. Nú standa málin þannig að formaður Blindrafélagsins og lögmaður þess eru að vinna í því að fá svipaða þjónustu í leigubílum og er á höfuðborgarsvæðinu.

Marsfundurinn var haldinn síðasta mánudag í mars og kom Björg Einarsdóttir og flutti okkur gott erindi.

Aprílfundurinn féll niður vegna þess að hann féll inni páskana.

Maífundurinn var svo haldinn á kaffihúsi á Laugarvatni og heppnaðist vel þótt veðrið væri ekki sem best.

Á fyrsta haustfundinn sem var í september kom Sabína frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni, og flutti góða kynningu.

Októberfundurinn var hefðbundinn spjallfundur.

Nóvemberfundurinn var jólafundur og gerðum við okkur dagamun með því að fara á veitingahúsið Menam á Selfossi og borða þar saman.

Þar með var fundum ársins lokið.

Það sem af er árinu 2012 hafa verið haldnir tveir fundir. Var febrúarfundurinn aðalfundur og ný stjórn kosin. Hana skipa Ingibjörg Sigtryggisdóttir formaður og meðstjórnendur eru Erla Jakobsdóttir og Jóhanna Kondrup. Einnig var kosin nefnd til þess að annast umsýslu vegna ferðaðjónustumálanna og eru í henni þau Guðrún S. Þórarinsdóttir, Ingibjörg Sigtryggisdóttir og Ragnar Magnússon.

Á vormánuðum er svo fyrirhugað að fara í Opið hús í Hamrahlíðinni og í vorferð á Suðurlandi ef Guð lofar.

Guðrún S. Þórarinsdóttir.



FERÐA- OG ÚTIVISTARNEFND BLINDRAFÉLAGSINS ÁRIÐ 2011

Nefndina skipa:

Sigurjón Einarsson, Aldís Magnúsdóttir, Bergvin Oddsson, Halldór Sævar Guðbergsson, Jóna Gísladóttir og Rósa Ragnarsdóttir

Vestmannaeyjar 5.–6. ágúst 2011

Farin var ferð til Vestmannaeyja dagana 5.–6. ágúst. Farið var um Landeyjahöfn báðar leiðir. Við skoðuðum okkur um í Eyjum, nutum góðs matar og höfðum það í alla staði gott. Ferðasögu er að finna í Fréttabréfi ÖBÍ nr. 2 2011.

Menningarferð í Hafnafjörð

Farin var menningar-, skemmti- og gönguferð í Hafnafjörð laugardaginn 22. október 2011. Við hittumst við Veitingahúsið Fjöruna kl. 16.30 og fórum þaðan í gönguferð um gamla bæinn og nutum góðrar leiðsagnar. Að lokum snæddum við dýrindismálverð á Fjörukránni.

Í fyrrahaust og vetur reyndum við að koma á ferð sem við kölluðum „Horft í

stjörnum“ þar sem stefnt var á Laugarvatn en urðum tvisvar frá að hverfa vegna þátttökuleysis. En við ætlum ekki að gefast upp.

Í vetur könnuðum við áhuga innan félagsins fyrir sólarlandaferð í maí. Um 15 manns sýndu áhuga þannig að nefndin kannaði hjá ferðaskrifstofum með möguleika á áfangastöðum og verð. Fyrir valinu varð ferð til Tenerife á Kanaríeyjum og fórum við þann 23. maí 2012.

Í byrjun sumars er fyrirhuguð sjóstangaveiðiferð og í lok sumars tveggja eða þriggja daga ferð til Akureyrar.

Ferða- og útivistarnefnd Blindrafélagsins vill að lokum þakka félagsmönnum Blindrafélagsins fyrir ánægjulegt samstarf.

*f.h. ferða- og útivistarnefndar
Blindrafélagsins,
Sigurjón Einarsson*

SKEMMTINEFND BLINDRAFÉLAGSINS ÁRIÐ 2011

Í skemmtinefnd Blindrafélagsins voru skipuð þau:

Sigurjón Einarsson, Eypór Prastarson, Jóna Garðarsdóttir, og Grímur Þóroddsson sem sagði sig úr nefndinni á haustdögum.

Starfið var með nokkuð hefðbundnum hætti og var staðið fyrir jólahlaðborði og þorablóti.

Sólstöðuganga Blindrafélagsins.

Á starfsárinu var boðið upp á sólstöðugöngu á sólstöðum 21. júní 2011 og vorum við átta sem tókum þátt og héldum frá Hamrahlíðinni og upp að tönkunum í Öskjuhlíð. Á leiðinni var farið í léttu spurningarkeppni og fræðst lítils háttar um Öskjuhlíðina og næsta nágrenni. Lítið bar á aðalpersónunni, sólinni, en við sáum smásólroðablett yfir Skaganum eins og vonandi má sjá á meðfylgjandi mynd.

Jólagleði Blindrafélagsins var haldin laugardaginn 3. desember 2011.

Húsið var opnað kl. 18.30 og borðhald hófst um kl 19.00. Í ár vorum við með

jólahlaðborð frá Stefáni Stefánssyni sem þjónustað hefur okkur um árabil.

Veislustjóri var séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og vísnaflytjandi og þeir félagar okkar Hlynur Þór og Eypór ásamt söngkonunni Þóru Sif Svansdóttur sáu um danstónlist.

Þorablót Blindrafélagsins

Þorablót Blindrafélagsins var haldið laugardaginn 11. febrúar 2012 að Hamrahlíð 17 og opnaði húsið kl 18.30. Steinunn Hákonardóttir setti blótið en blótstjóri var Ólafur Beinteinn Ólafsson. Hann lék einnig á píanó, harmonikku og flutti minni kvenna. Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópransöngkona fór með minni karla og söng einsöng.

Dagskráin var samspil hljóðfærasláttar, einsöngs, fjöldasöngs auk gamanmála og auðvitað var dansinn svo stigin inn í nóttina.

Skemmtinefnd vill að lokum þakka félagsmönnum Blindrafélagsins fyrir ánægjulegt samstarf.

*f.h. skemmtinefndar Blindrafélagsins,
Sigurjón Einarsson*



Porkell J Snædal og Haraldur Hjálmarsson taka lagið



Sigríður Kristjánsdóttir og Stefanía Ósk Júlíusdóttir föndra

TÓMSTUNDANEFND 2011–2012

Tómstundarnefnd stóð fyrir 4 bingóum á starfsárinu. Einnig stóð nefndin fyrir 4 handavinnunámskeiðum.

Leirnámskeið féll niður vegna dræmrar þátttöku. Hljómborðsnámskeið var haldið fyrir áramót með ágætis

viðtökum. Stefnt er á glernámskeið fyrir sumarfrí.

f.h. tómstundarnefndar:

*Elín Bjarnadóttir, Lilja Sveinsdóttir,
og Margrét Guðný Hannesdóttir*

SJÓÐURINN „BLIND BÖRN Á ÍSLANDI“

Haldnir voru tveir stjórnarfundir í sjóðnum „Blind börn á Íslandi“ árið 2011.

Fyrri fundurinn var haldinn 27. apríl og lágu átta umsóknir um styrki til margvíslegra verkefna fyrir fundinum. Umsóknirnar voru afgreiddar á hefðbundinn hátt og jákvæð svör gefin við þeim öllum. Ein af umsóknunum var frá Jennýju Guðbjörgu Vignisdóttur um

styrk til þátttöku í sundmóti fatlaðra í Finnlandi en þeirri umsókn fylgdi þátttökulisti þar sem fram kom að fjórir af fjórtán þátttakendum voru félagsmenn í Blindrafélaginu. Ákveðið var að fara í samstarf við Blindrafélagið um að styrkja alla þessa krakka til þátttöku í sundmótinu og voru styrkirnir afhentir formlega á sumarahátíðinni sem haldin var 26. júní 2011. Alls voru því veittir styrkir á vormisseri fyrir kr. 624.000.

Næsti fundur var haldinn 19. október 2011 og lá fyrir fundinum að fara yfir níu styrkbeiðnir ásamt því að ákveða árlegt framlag sjóðsins til leikfangasafnsins. Komið hafði beiðni frá Elfu Hermannsdóttur ráðgjafa á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð um að sjóðurinn legði safninu til iPad til kynningar og útláns til barna sem hugsanlega geta notað sér slík tæki við leik og störf. Ákveðið var að verða við þessari beiðni en einnig var orðið við öllum öðrum styrkbeiðnum sem bárust í sjóðinn fyrirtilsettan tíma.

Samtals voru veittir styrkir á haustmisseri fyrir kr. 715.624 eða alls á árinu fyrir kr. 1.339.624.

Sjóðurinn var skráður á áheitasíðu Reykjavíkurmaraþonsins og urðu margir röskir hlauparar til þess að safna áheitum í nafni sjóðsins og söfnuðu þeir alls kr. 149.238 með því móti. Afrakstur af sölu sælgætis frá sælgætisgerðinni Freyju fyrir öskudaginn voru kr. 500.000 en þar að auki bárust sjóðnum smærri áheit og minningargjafir að venju. Aðventuhátíðin fór fram 5. desember og var bæði vel sótt og vel lukkuð.



ÚTHLUTUNARREGLUR SJÓÐSINS „STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐIS“

Skipulagsskrá sjóðsins sem samþykkt var á stjórnarfundum í Blindrafélaginu 20. apríl 2011 var birt í síðustu ársskýrslu félagsins. Úthlutunarreglur sjóðsins voru samþykktar á stjórnarfundum sjóðsins í nóvember 2011 og staðfestar í stjórn Blindrafélagsins í desember 2011.

Auglýst var eftir styrkumsóknum í lok febrúar 2012 og var umsóknarfrestur til 1. apríl. 28 umsóknir bárust og voru 18 styrkir veittir.

Skiptust þeir upp í flokka sem hér segir:

- a) Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir fagfólks kr. 1.640.000
 - b) Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir félagsmanna kr. 420.000
 - c) Styrkir til kaupa á hjálpartækjum kr. 600.000
 - d) Verkefnastyrkir tengdir hagsmunum blindra og sjónskertra kr. 1.500.000
- Samtals kr. 4.160.000**

„STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐIS“ STYRKTAARSJÓÐS BLINDRAVINAFÉLAGS ÍSLANDS OG BLINDRAFÉLAGSINS, SAMTAKA BLINDRA OG SJÓNSKERTRA Á ÍSLANDI

1. Tilgangur sjóðsins er að veita:

- A. Náms-, ferða- og ráðstefnustyrki til fagfólks sem starfar með blindum og sjónskertum einstaklingum eða vinnur að hagsmunamálum þeirra.
- B. Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.
- C. Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum.
- D. Styrki til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

2. Sjóðsstjórn ber að hafa skipulagsskrá sjóðsins til hliðsjónar við úthlutun.

3. Styrkjum er úthlutað tvisvar á ári. Umsóknir skulu hafa borist Blindrafélaginu, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík, eigi síðar en 1. apríl eða 1. október á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á heimasíðu Blindrafélagsins. Umsóknum verður svarað skriflega. Stjórn þarf ekki að rökstyðja ákvarðanir sínar.

4. Sjóðsstjórn skal ákveða árlega heildarupphæð styrkja í hverjum styrktarflokki. Sambærilegar upphæðir skulu koma til úthlutunar í hvorri úthlutun.

5. Styrkir eru greiddir út samkvæmt framvísuðum reikningum sem samþykktir hafa verið af stjórn sjóðsins. Reikningar skulu ekki vera eldri en tólf mánaða gamlir.

6. Umsækjendur skulu skila stjórninni skýrslu vegna þeirra viðburða og/eða verkefna sem þeir hlutu styrk til.

7. Um er að ræða 4 styrktarflokka: A,B,C og D og gilda sérstakar úthlutunarreglur fyrir hvern flokk.

A–Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir til fagfólks

A–1 Námsstyrkir

A–1.1 Fagfólk sem starfar með blindum og sjónskertum einstaklingum eða vinnur að hagsmunum þeirra getur sótt um styrki til greiðslu kostnaðar sem hlýst af námi.

A–1.2 Við meðferð umsókna er höfð hliðsjón af fyrri námi og starfsreynslu. Stjórnin leggur mat á námsáform umsækjenda og leitast við að velja umsækjendur með fjölbreyttan bakgrunn.

A–1.3 Gerður er samningur um styrkveitinguna þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur beggja samningsaðila. Í samningnum eru meðal annars ákvæði um skil á greinargerðum.

A–2 Ferða- og ráðstefnustyrkir

A–2.1 Fagfólk sem starfar með blindum og sjónskertum einstaklingum eða vinnur að hagsmunum þeirra getur sótt um styrkir til greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga og ráðstefna.

A–2.2 Við meðferð umsókna er höfð hliðsjón af:

- i.* mikilvægi tilefnisins að mati yfirmanns umsækjanda og sjóðsstjórnar fyrir starf með blindum og sjónskertum einstaklingum,
- ii.* fyrri styrkveitingum og greinargerðum umsækjenda,
- iii.* möguleikum á styrkjum annars staðar frá.

B–Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrkir til félagsmanna Blindrafélagsins

B–1 Námsstyrkir til félagsmanna

Blindrafélagsins eru veittir til greiðslu námsgjalda, að hluta eða öllu leyti. Heimilt er að veita námsstyrkina eftir að námsáfanga er lokið. Styrkir eru veittir til þeirra sem:

- i.* leggja stund á endurmenntun til að bregðast við breyttum aðstæðum vegna sjónskerðingar,
- ii.* leggja stund á dýrt sérnám, svo sem tónlistarnám,

iii. ekki falla undir þessa flokkun ef sýnt er fram á að styrkveiting geti skipt sköpum varðandi ástundun náms.

B–2 Ferðastyrkir eru veittir vegna náms- eða lækningaferða sem ekki eru greiddar af opinberum aðilum. Við meðferð umsókna er höfð hliðsjón af því hvort styrkir hafi áður verið veittir til samsvarandi verkefna. Stjórnin leggur mat á áform umsækjenda og áskilur sér rétt til að leita umsagnar þriðja aðila við matið.

B–3 Endurhæfingarstyrkir eru veittir einstaklingum sem þurfa að sækja sérhæfða endurhæfingu t.d. erlendis sem er nauðsynleg að mati fagaðila. Við meðferð umsókna er höfð hliðsjón af því hvort styrkir hafi áður verið veittir til samsvarandi verkefna. Umsókn skal fylgja umsögn fagaðila.

B–4 Ráðstefnustyrkir eru veittir vegna vinnu eða námstengdra ferða innanlands eða erlendis. Við meðferð umsókna er höfð hliðsjón af því hvort styrkir hafi áður verið veittir til samsvarandi verkefna. Stjórnin leggur mat á áform umsækjenda og áskilur sér rétt til að leita umsagnar þriðja aðila.

C–Hjálpartækjastyrkir til félagsmanna Blindrafélagsins

C–1 Styrkir eru veittir til kaupa á hjálpartækjum sem ekki er úthlutað af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga eða af öðrum opinberum aðilum. Rétt til umsókna eiga félagsmenn Blindrafélagsins.

C–2 Styrkir eru veittir til tölvukaupa í þeim tilgangi að jafna aðstöðumun þeirra sem þurfa hjálparbúnað í formi forrita sem tölvan þarf að geta keyrt og því þörf á öflugri og dýrari tölvubúnaði.

C – 3 Styrkir mega nema allt að 60% af kaupverði hjálpartækisins, þó að hámarki kr. 50.000 hver styrkur. Heimilt er að takmarka fjölda og upphæð styrkja til einstaklinga.

D–Verkefnastyrkir

D–1 Veittir eru styrkir til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

D–2 Umsókn skal fylgja verkefna-áætlun sem sýnir verkáfangi ásamt fjárhagsáætlun þar sem fram kemur hvernig verkefnið verður að fullu fjármagnað.



BLINDRAVINNUSTOFAN

Meginstarfsemi félagsins

Markmið Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu, samhliða þjálfun og endurhæfingu sem eykur færni til þátttöku á vinnumarkaði. Blindravinnustofan starfar sem verndaður vinnustaður samkvæmt samningi við Velferðarráðuneytið.

Starfsemi Blindravinnustofunnar felst einkum í pökkun og sölu hreingerningarvara undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Einnig er pakkað vörum fyrir önnur fyrirtæki og stofnanir. Daglegt starf starfsmanna felst því í samsetningu, flokkun, talningu, merkingu og pökkun.

Starfsemin á árinu

Rekstur Blindravinnustofunnar var ekki fjárhagslega viðunandi á árinu 2011 þar sem umtalsvert tap var á starfseminni.

Leitað var leiða til að lækka innkaupsverð og skilaði það sér í meiri eigin innflutningi og einnig lægri verðum frá þeim birgjum sem þegar var keypt af.

Markvisst var unnið að aðgerðum til lækkunnar á kostnaði til skemmri og lengri tíma. Þar var fyrst og fremst litið til dreifingarkostnaðar og launakostnaðar en á öðrum sviðum var búið að skera niður að beini.

Um haustið 2011 hófst samstarf við Plastiðjuna Bjarg á Akureyri (sem er verndaður vinnustaður) þar sem þeir tóku að sér dreifingu á okkar vörum á Akureyri og við sáum um dreifingu á þeirra vörum (kertum) á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur lækkað flutningskostnað verulega.

Á árinu hófust samningaviðræður við O. Johnson & Kaaber ehf. um sölu og dreifingu á okkar vörum. Þær stóðu yfir í nokkra mánuði og fyrir lok ársins tókst að komast að samkomulagi við OJK og var samningur undirritaður fljótlega eftir áramót 2012. Vonir standa til að þessi samningur auki markaðshlutdeild Blindravinnustofunnar, lækki dreifingarkostnað og stuðli að frekari framþróun vörulínunnar.

Blindravinnustofan hóf á árinu þátttöku í Evrópuverkefni (JOBS MDVI) „*Leonardo da Vinci Partnership 2011 to 2013*“. Tilgangur með verkefninu er að kynnast því hvernig önnur Evrópulönd standa að málum gagnvart fötluðum, blindum og sjónskertum skjólstæðingum sínum og hvað við getum lært af hverju öðru bæði í þjálfun og að finna ný verkefni fyrir okkar skjólstæðinga. Evrópuverkefnið hefur gengið mjög vel og við lítum björtum augum á að geta fundið ný verkefni fyrir Blindravinnustofuna.

Við munum taka þátt í þessu verkefni fram til apríl 2013 og er verkefnið styrkt af Evrópusambandinu.

Vörur vinnustofunnar voru seldar í öllum verslunum Haga, en einnig í Húsa-smiðjunni, Nóatúni og 11-11. Bónus er sem fyrr stærsti einstaki viðskiptavinur Blindravinnustofunnar.

Starfsemin á árinu 2011 var með hefðbundnum hætti. Starfsmenn voru 30 talsins á árinu, en flestir starfsmanna eru blindir, sjónskertir eða dauðblindir, og meirihluti þeirra er með aðrar skerðingar líka.

Stjórn og stjórnendur

Í upphafi ársins voru eftirtaldir í stjórn Blindravinnustofunnar: Sigþór Hallfreðsson formaður, Ágústa Gunnarsdóttir, Elfa Hermannsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson og Hrönn Pétursdóttir. Á aðalfundi 2011 gekk Hrönn Pétursdóttir úr stjórninni og Ólafur Haraldsson kom í staðinn.

Í lok árs 2010 tók Hrönn Pétursdóttir við starfi framkvæmdastjóra af Birni Hermannssyni og sinnti því starfi til loka árs 2011 þegar Ólafur Haraldsson tók við sem framkvæmdastjóri. Á sama tíma var Gunnar Már Andrésson ráðinn rekstrarstjóri og mun hann stjórna daglegum, reglubundnum rekstri.

FJÓLA - FÉLAG FÓLKS MEÐ SAMÞÆTTA SJÓN- OG HEYRNARSKERÐINGU

Það stærsta og að okkar mati eitt það mikilvægasta sem gerðist á síðasta starfsári er að í maí var nafni félagsins breytt eftir mikla umræðu.

Félagið okkar hét Daufblindrafélag Íslands en heitir eftir breytingu Fjóla – Félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Ástæður þess að farið var í breytingar á nafni félagsins voru margar og er rétt að nefna einhverjar þeirra. Fyrst ber að nefna að daufblinda á íslensku er ekki gagnsætt orð. En dauft merkir eitthvað sem er lítið eða óljóst. Þá vísar dauf- í eitthvað sem er lítilfjörlegt, kraftlítið, dapurt eða leiðinlegt. Í umræðunni var auk þess að fólki fannst þetta ekki fallegt orð í íslensku sem minnti á orðið daufdumbur sem er gamalt niðrandi orð um heyrnar- og málloausa. (En að sjálfsögðu á ekkert af þessu við okkur eða félagið.) Því var mikið um að fólk misskildi fyrir hvað félagið stóð og fengu félagsmenn og starfsmaður spurningar eins og:

Er það félag þeirra sem eru lítið blindir? Eru það blindir og hvað meira...?

Eða það sem algengast var, að fólk vissi ekkert hvaða félag þetta var. En fleiri ástæður lágu að baki. Félagar skilgreindu sig ekki allir sem daufblinda heldur með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

vegna þess að þeim þótti það gagnsærra eða fannst að vera daufblindur svo þungt og mikið að það kaus hitt frekar. Þá var lítið til þess að síðastliðin ár hefur ekkert fjölgað í félaginu.

Töldu menn að ein af ástæðum þess væri að fólk lítur ekki á sig sem daufblind heldur sjón og heyrnarskert og á það ekki síst við eldra fólkið. Því var talið að nafn félagsins hefði fælingarmátt á hóp fólks sem gæti átt heima hjá okkur í félaginu.

Fjóla var valið nafn félagsins vegna þess að það vísar til látins félaga, Fjólu Bjarkar Sigurðardóttur en hún var stofnfélagi í Daufblindrafélaginu og mikil baráttukona. Nafnið vísar líka til blómsins Fjóla sem er algengt og fallegt blóm hér á landi. Blómið er lágvaxið, harðgert og blómviljugt.

En fleira er í fréttum hjá okkur.

Klárúð var skýrslu sem afhenda á Alþingi þar sem settar eru fram þjónustubarfir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra einstaklinga. Vinna við þessa skýrslu hefur tekið vel á annað ár og er mikil og góð umræða búin að fara fram vegna hennar. Gert er ráð fyrir að í framhaldi verði settur saman hópur sem á að undirbúa stofnun nýrrar þjónustumiðstöðvar þar sem þessir hópar geta sótt

víðtæka aðstoð og þjónustu. En hve hratt gengur að koma þessu í framkvæmd vitum við að sjálfsögðu ekki en vonum að það dragist ekki lengi. Innan félagsins hefur allt gengið sinn vanagang. Félagið hefur haldið úti félagsstarfi einu sinni í mánuði og hefur það gengið ágætlega. Skipt var um formann félagsins á aðalfundi í apríl en þá hætti Friðjón Erlendsson og þökkum við honum gott samstarf. Við tók Guðlaug Erlendsdóttir en hún

hefir áður gegnt starfi formanns félagsins og er því kona með reynslu. Hart er í ári hjá félaginu og því hafa engir stórviðburðir verið á dagskrá hjá félaginu síðasta árið. Þó ber að geta þess að við höldum upp á dag dauðblindra 27. júní í fyrsta sinn á Íslandi með hátíðar- og fræðsludagskrá, gekk sá dagur vel og var mikil ánægja með hann.

Hafdís M. Tryggvadóttir

SKÝRSLA FRÁ ÞJÓNUSTU- OG ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ FYRIR BLINDA, SJÓNSKERTA OG DAUFBLINDA EINSTAKLINGA.



Starfsemi Miðstöðvarinnar árið 2011 gekk vel og var árið viðburðaríkt. Mörg stór verkefni voru unnin á árinu, t.d. var leiðsöguhundaverkefni ýtt úr vör, sérstök áhersla var lögð á punktaletur, útgáfu bæklinga og upplýsingarita og samstarf um nýjan talgervil. Erlent samstarf var mikið á árinu og Miðstöðin er þátttakandi og stjórnandi í 3 evrópskum þróunarverkefnum. Á degi hvíta stafsins var opið hús í Hamrahlíð 17 og einnig var gefið út blað í tilefni dagsins.

Fjöldi viðskiptavina á skrá var svipaður og árið áður, eða rúmlega 1500 manns. Af þeim eru um 230 með gerviauga og fjöldi gleraugnaendurgreiðslna var svipaður og árið á undan, eða um 4500. Viðskiptavinir í almennri þjónustu yfir árið voru því um 1300 manns og af þeim eru rúmlega 100 börn, 0-18 ára. Þá eru rúmlega 250 manns í þjónustu á aldrinum 19-67 ára og af þeim hópi eru 68% lögbblindir og 32% sjónskertir. Stærsti viðskiptamannahópurinn er fólk eldra

en 67 ára en sá hópur er 72% allra sem eru á skrá. Flestir í þessum hópi eru á aldrinum 86-89 ára og eru með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD). Tæp 60% þeirra sem eru á skrá eru með aldurstengda augnbotnahrörnun og meðalaldur þeirra er 85 ár. Í hópi eldri borgara eru fleiri sjónskertir en lögbblindir en í barnahópnum og á vinnualdri eru fleiri lögbblindir en sjónskertir. Meðalaldur þeirra sem er vísað í fyrsta sinn til Miðstöðvarinnar er 76 ár og Miðstöðin fær að meðaltali um 140 tilvísanir fyrir fyrstu komu á ári.

Á Miðstöðinni voru 30 starfsmenn yfir árið í 25 stöðugildum s.s. sjónfræðingar, kennsluráðgjafar, umferlis- og adl-ráðgjafar, félagsráðgjafi, tölvu- og tækni-ráðgjafar, leiðsöguhundabjálfi, sérfræðingar í gerð kennsluefnis, fræðslufulltrúi, augnsmiður, augnlæknir og skrifstofufólk.

Á árinu var sérstök áhersla lögð á gerð upplýsingarita og bæklinga og gerðir

voru 3 bæklingar um augnsjúkdóma; aldursbundna augnbotnahrörnun (AMD), Retinitis pigmentosa (RP) og gláku. Þessir bæklingar voru gefnir út með stuðningi Blindrafélagsins og dreift í miklu upplagi, meðal annars til allra augnlækna og á augndeild Landspítalans. Þá voru útbúin leiðbeiningaspjöld um leiðsögutækni og góð ráð og hefur þeim jafnframt verið dreift í miklu upplagi til allra augnlækna, á augndeild Landspítalans og á öll dvalar- og hjúkrunarheimili sem og fleiri staði. Jafnframt var útbúið plakat sem heitir „hlúðu vel að sjóninni“ en því var dreift mjög víða t.d. á heilsugæslustöðvar, sundlaugar, til augnlækna og víðar.

Ráðist var í útgáfu viðamikils blaðs með Blindrafélaginu sem var kallað SÝN og var dreift á degi hvíta stafsins með Fréttablaðinu. Þá var lokið við þýðingu og útgáfu tveggja norræna leiðarvísa, annars vegar um meðfædda dauðblindu og hins vegar um síðdauðblindu og er þessi rit ásamt öllu öðru útgefnu efni að finna á heimasíðu Miðstöðvarinnar á www.midstod.is

Miðstöðin fór í eitt stærsta og viðamesta verkefni frá upphafi á árinu með því að taka inn leiðsöguhunda. Það mál hefur verið mjög aðkallandi í mörg ár og mikill skortur á leiðsöguhundum á Íslandi. Leitað var að hundum erlendis en slíkt er of dýrt til þess að það væri hægt og því var ákveðið að kaupa hunda á Íslandi og ráða hundabjálfa. Þetta hefur allt gengið eftir og verkefnið farið ákaflega vel af stað. Keyptir voru 4 hvolpar og

unghundar á árinu, ráðinn leiðsöguhundaþjálfari, leigt húsnaði og keyptur bíll. Mikil utanaðkomandi aðstoð s.s. frá Blindrafélaginu og Oddfellow hefur hjálpað til við að ýta þessu verkefni úr vör.

Þá tók Miðstöðin þátt í mörgum stórum þróunarverkefnum á árinu s.s. þróun og gerð nýs talgervils og ýmsum Evrópuverkefnum. Evrópuverkefnin eru mjög mikilvæg Miðstöðinni en þau eru uppspretta nýrra hugmynda og verkfærni. Má þar nefna SensAge, sem er samstarfsverkefni 15 aðila í Evrópu og Kanada. Verkefnið er mikilvægt fyrir Miðstöðina því það fjallar fyrst og fremst um aldraða, sjón- og heyrnarmissi og söfnun gagna og upplýsinga innan Evrópu sem nýtast Miðstöðinni, starfsfólki hennar og viðskiptavinum. Með þessu er verið að safna saman besta fræðsluefni og vinnuaðferðum um það hvernig aldraðir með sjón- og/eða heyrnarmissi geti haldið áfram að lifa sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu. Miðstöðin leiðir jafnframt stórt Evrópuverkefni sem heitir JOBS MDVI og er samstarfsverkefni 15 fagaðila og stofnana er koma að blindu/sjónskertu fólki með viðbótarfatlanir (MDVI). Ætlunin er að safna saman þeirri þekkingu sem til er í Evrópu um hvernig fagaðilar eiga og geta unnið með fólki sem flokkast sem MDVI (multi disability visual impairment). Verkefninu er skipt upp í 6 ólík þemu en þeim er ætlað að skoða hvernig hægt er að auka lífsgæði þeirra sem flokkast sem MDVI-einstaklingar.

Skoðaðar eru ólíkar gerðir vinnu og verkefna, upplýsingatækni og hvernig hægt er að efla félagsfærni þessa hóps. Miðlun upplýsinga og færni til annarra starfshópa skipaði veglegan sess í starfseminni á árinu en mörg námskeið voru haldin fyrir kennara og aðra faghópa í punktalettri, nótum á punktalettri, aðgengi, útfærslu námsefnis, grunnkennslu í adl og umferli og vinnusmiðja í þreifibóka-gerð. Þá voru haldin mörg námskeið fyrir viðskiptavinum s.s. barnanámsskeið, göngunámsskeið, námskeið í félagshæfni auk jólabingós fyrir börnin. Alls voru haldin 10 námskeið á árinu og var þátttaka mjög góð. Starfsmenn Miðstöðvarinnar sóttu auk þess fjöldann allan af námskeiðum og vinnusmiðjum til að auka við færni sína og til að bæta þjónustu við viðskiptavinum. Þar má nefna að 7 starfsmenn fóru til Þýskalands og heimsóttu þar endurhæfingarstöðvar og starfsmenn sóttu einnig námskeið í Ungverjalandi ásamt fulltrúum slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu til að læra notkun hvíta stafsins við reykköfun. Þá var Dagur hvíta stafsins haldinn í samstarfi við Blindrafélagið með opnu húsi sem tókst einstaklega vel. Mikill fjöldi gesta heimsótti Hamrahlíð 17 og þar á meðal forseti Íslands.

Efling atvinnuþátttöku og endurhæfing var, auk punktaleturskennslu, sérstakt viðfangsefni á árinu og fjölmargir einstaklingar komu í endurhæfingaríbúðina til lengri eða skemmri dvalar til endurhæfingar, ráðgjafar og kennslu. Í þeirri þjálfun hefur verið lögð sérstök áhersla á athafnir daglegs lífs, umferli, notkun

hjálpartækja og kennslu punktaleturs. Þessari nýju þjónustu hefur verið tekið ákaflega vel og er greinilegt að hún var löngu tímabær og þörf.

Úthlutun hjálpartækja og gleraugna-endurgreiðslur eru stærsti útgjaldaliður Miðstöðvarinnar fyrir utan launakostnað. Úthlutun flestra tækja er svipuð á milli ára með þeirri undantekningu að mikil aukning er á úthlutun hljóðspilara, svo kallaðra Daisy-spilara. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna hagkvæmari tæki, ná betri samningum við birgja og styrkja betur ferlið um úthlutun tækja og kennslu á þau. Framleiðsla bóka og námsefnis var með svipuðu sniði og áður, fjöldi pantana milli ára er áþekkur og flest efni er ekki lengur prentað heldur skilað rafrænt.

Rekstur Miðstöðvarinnar er svipaður milli ára, húsnæði sem er leigt af Blindrafélaginu hefur verið lagað til og er vel nýtt. Þá voru keyptir 3 bílar á árinu en ráðgjafar eru á ferð og flugi um allt land að heimsækja viðskiptavinum og almenna reglan á Miðstöðinni er að viðskiptavinir koma ekki til okkar heldur förum við til þeirra. Þetta er gert sérstaklega vegna aldurs viðskiptavina og til að vinna með þeim í þeirra rétta og eðlilega umhverfi. Miðstöðin átti á síðasta ári, eins og áður, einstaklega gott samstarf við Blindrafélagið og Blindravinnustofuna og er þakklátt fyrir hlýhug og skemmtilegt og uppbyggilegt samstarf og starfsmenn Miðstöðvarinnar hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs.

Huld Magnúsdóttir forstjóri

STEFNUMÓTUN STJÓRNAR BLINDRAFÉLAGSINS - 2012

Þessi skýrsla er endurskoðun og uppfærsla á stefnumótunarskýrslu sem stjórn Blindrafélagsins hóf vinnu við í upphafi árs 2009 og lauk við og gaf út þá um haustið. Fjölmargir fundir voru haldnir og kom fjöldi félagsmanna að vinnunni, eins og sjá má í upphaflegu skýrslunni frá 2009.

Á árinu 2010 var farið yfir stefnumótunina og hún uppfærð lítillega, aðallega sóknaráætlunin.

Á vinnufundum stjórnar þann 17. september 2011 og 21. janúar 2012 var farið ítarlega yfir alla stefnumótunarskýrsluna. Í framhaldi var stefnumótunin uppfærð og ákveðið að gefa hana út aftur. Farið var yfir alla stefnumótunina.

Meginbreytingarnar frá stefnumótuninni 2009 liggur í sóknaráætluninni, það er nýjum starfsmarkmiðum og verkefnum, þó uppfærsla hafi einnig átt sér stað í öðrum þáttum stefnumótunarinnar.

Í stefnumótuninni frá 2009 voru um 60 skilgreind verkefni. Við þessa uppfærslu liggur fyrir að það hefur tekist að afgreiða um 90% af þessum 60 verkefnum. Þessi skýrsla er því afrakstur stefnumótunarinnar frá 2009 og þeim árangri sem náðist í að vinna eftir henni á árinu 2010 og 2011. Á þessum tíma hafa ný verkefni bæst við sem jafnóðum hafa verið sett inn í sóknaráætlunina.

Mannréttindasamtök

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, stofnað 1939, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök - sem berst fyrir að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi, og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Ekkert um okkur án okkar - er sameiginlegt kjörorð sem Blindrafélagið á með öðrum samtökum fatlaðra.

Gildi

Gildi Blindrafélagsins eru sótt í meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meðal mikilvægustu gildanna í Sáttmálanum eru:

- ***Jafnrétti:***

Eykur þátttöku og færir með sér gæfu.

- ***Sjálfstæði:***

Stuðlar að virkni og ábyrgð.

- ***Virðing:***

Elur af sér réttisýni og viðurkenningu.

- ***Umburðarlyndi:***

Stuðlar að fjölbreytileika og víðsýni.

Stuðningur til sjálfstæðis

Hlutverk Blindrafélagsins er að stuðla að því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og séu ábyrgir og virkir samfélagsþegnar.

Stöðumat

Stöðumati er lauslega í greiningu á ytra og innra umhverfi félagsins eins og það er metið af stjórn á árinu 2012.

Ytra umhverfi

Almennt stendur Blindrafélagið nokkuð vel gagnvart sínu ytra umhverfi. Félagið á í ágætu samstarfi við mikilvægustu hagsmunaaðila sína, hefur almennt sterka og jákvæða stöðu gagnvart stjórnvöldum þegar kemur að hagsmunamálum félagsmanna. Félaginu hefur einnig gengið ágætlega að koma áherslum sínum og baráttumálum á framfæri í fjölmiðlum.

Viðhorfskönnun sem Capacent Gallup gerði sumarið 2011 meðal almennings, þar sem voru 848 svarendur, sýndi að 87,1% töldu félagið sinna réttindamálum blindra og sjónskertra vel, 11,5% voru hlutlausir og einungis 1,4% töldu félagið standa sig illa. Í samanburði við önnur valin samtök, sem starfa á sambærilegum vettvangi og Blindrafélagið, þá stendur félagið einnig vel. Fólk almennt (almenningsur og stuðningsmenn) er mjög jákvætt gagnvart hjálpar- og góðgerðarsamtökum, einungis Krabbameinsfélagið fékk hærri jákvæðnimælingu en Blindrafélagið.

Frá seinustu könnun sem var fyrir tveimur árum hefur félaginu tekist að raungera aukinn vilja sem þá mældist til að styrkja Blindrafélagið. Fjöldi þeirra sem svara því að þeir hafi styrkt

Blindrafélagið hefur nærri tvöfaldast frá því fyrir tveimur árum. Þannig svöruðu fyrir tveimur árum 4,3% því að þeir styrktu Blindrafélagið reglulega, en í ár voru 9,3% sem svöruðu því til að þeir hafi styrkt félagið reglulega. 57% svarenda segjast hafa styrkt félagið, en ekki reglulega, nánast sama tala og fyrir tveimur árum og 31,5% svarenda sögðust ekki hafa styrkt félagið en geta hugsað sér að gera það. Einungis 2,2% svöruðu því til að þeir gætu ekki hugsað sér að styrkja Blindrafélagið. Þegar sá hópur sem segist ekki hafa styrkt félagið en gæti hugsað sér að gera það er skoðaður nánar þá kemur eftirfarandi í ljós:

76% 16 – 24 ára segjast ekki hafa styrkt Blindrafélagið en gætu hugsað sér það.
53% 25 – 34 ára segjast ekki hafa styrkt Blindrafélagið en gætu hugsað sér það.
27% 35 – 44 ára segjast ekki hafa styrkt Blindrafélagið en gætu hugsað sér það.
12% 45 – 54 ára segjast ekki hafa styrkt Blindrafélagið en gætu hugsað sér það.
4% 54 ára og eldri segjast ekki hafa styrkt Blindrafélagið en gætu hugsað sér það.
Yngri aldurshóparnir eru mun stærri en þeir eldri og því eru þessar niðurstöður mjög hvetjandi fyrir að halda úti áframhaldandi öflugum fjáröflunarstarfi félagsins. Til að ná árangri í að raungera þennan vilja yngri aldurshópanna þá þyrfti líklega að skoða aðrar fjáröflunarleiðir en hinar hefðbundnu fjáraflanir sem félagið hefur reitt sig á til þessa.

Innra umhverfi

Í Blindrafélaginu eru um 560 félagar, af þeim rúmlega tæplega 1300 sem rétt eiga til félagsaðildar samkvæmt skránni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Félagsaðild aldurshópa er eftirfarandi:
 0 – 18 ára 101 á skrá, félagsaðild 47%
 (aðild að foreldradeild)
 19 – 35 ára 56 á skrá, félagsaðild 40%
 36 – 67 ára 191 á skrá, félagsaðild 63%
 68 – 85 ára 447 á skrá, félagsaðild 38%
 86+ ára 472 á skrá, félagsaðild 40%

Séu allir hóparnir teknir saman er félagsaðild þeirra sem eru á skrá hjá Miðstöðinni að Blindrafélaginu 40%. Ef elsti hópurinn er ekki reiknaður með er félagsaðild 45,3%.

Félagið er að hafa áhrif á hagsmunamál félagsmanna með því að taka frumkvæði í einstökum málum, hvort sem er með samráði við hagsmunaaðila, lögfræðilegri aðstoð við einstaklinga í fordæmisgefandi málum, eða með fjárveitingum til ákveðinna verkefna í formi styrkja. Hagsmunatengd verkefnavinna á skrifstofunni hefur verið aukin verulega:

- samskipti við stjórnvöld hafa skilað réttarbótum, t.d. í formi laga og reglusetninga
- ný ferðapjónustuúrræði hafa verið

tryggð í samvinnu við félagsmenn og/eða einstök sveitarfélög

- stigið hefur verið inn í mál einstaklinga innan skólakerfisins
- aðgengisfulltrúi á upplýsingasviði hefur verið ráðinn til starfa
- verkefnastjóri til að stýra átaki að bættu ferilfræðilegu aðgengi blindra og sjónskertra einstaklinga hefur verið ráðinn til starfa
- félagsmönnum hefur verið boðin aðstoð réttindalögmanns

Enn eru dæmi um sveitarfélög og stofnanir, sem að mati Blindrafélagsins eru ekki að bjóða lögbundna þjónustu, hvort sem um er að ræða akstursþjónustu, félagsþjónustu eða aðra þjónustu. Mikilvægt er að kalla fram slík dæmi þannig að leita megi leiðréttinga eftir lögformlegum leiðum ef með þarf.

Stuðningur til sjálfstæðis – Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, er sjóður sem varð til við samruna: hvatningarstyrkja, námsstyrkja, hjálpartækjastyrkja og Menntunarsjóðs til blindrakennslu, ásamt 15 milljón króna afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins árið 2009. Sjóðurinn er með sjálfstæða stjórn og skal í starfi hans leitast við að styrkja verkefni sem stuðla að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga.

Að auki eru eftirtaldir sjóðir starfandi á vettvangi félagsins:

Blind börn á Íslandi: Sjálfstæð stjórn, sjóðurinn í vörslu Blindrafélagsins. Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur: Sjálfstæð stjórn.

Samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup frá sumrinu 2011 þá telur mikill meirihluti félagsmanna (93%) að Blindrafélagið sinni réttindamálum blindra og sjónskertra vel. Mjög stórt hlutfall félagsmanna segir þeim mjög vel eða að öllu leyti vel sinnt og hefur viðhorf félagsmanna breyst töluvert til batnaðar frá síðustu mælingu.

Mikil ánægja er meðal félagsmanna með þjónustu Blindrafélagsins og er ferðaþjónustan sá þjónustubáttur sem mestu virðist skipta fyrir félagsmenn.

Sú nýjung hefur verið innleidd í félagsstarfinu að nú eru haldnir samráðsfundir stjórnar, deilda, nefnda og klúbba innan félagsins í september og janúar. Hafa þessir fundir gefist mjög vel til að skipuleggja og samræma félagsstarfið.

Innra umhverfi félagsins er almennt stöðugt.

Helstu verðmæti félagsins liggja í:

- sterkri fjárhags- og eignastöðu
- stöðugu og virku skipulagi starfseminnar
- jákvæðu orðspori
- stórum hópi skráðra velunnara
- góðri þátttöku félagsmanna í félagsstarfinu.

SVÓT – Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri

SVÓT greining er samandregin niðurstaða úr stöðumatinu, innri og ytri greiningu, og er ætlað að varpa ljósi á hvar styrkleikar og veikleikar kunna að liggja í innra umhverfi félagsins og sömleiðis hvar kunna að vera tækifæri eða ógnanir í ytra umhverfi félagsins.

Styrkleikar í innra umhverfi:

- Traust fjárhagsstaða - Forsenda þess að félagið geti tekið frumkvæði og verið virkur gerandi.
- Sterk staða meðal félagsmanna – Mjög stór hluti er mjög ánægður með réttindagæsluna (93%) og þjónustu félagsins.
- Góða þátttaka félagsmanna í félagsstarfi.
- Stöðugt og virkt skipulag á starfsemi félagsins - m.a. fjölbreyttar fjáraflanir sem skila félaginu góðum tekjum.

Veikleikar í innra umhverfi:

- Félagsaðild mætti vera almennari - er 40% meðal þeirra sem rétt eiga á aðild.
- Lykilstarfsmenn eru að nálgast eftirlaunaaldur.
- Hár meðalaldur félagsmanna.

Ógnanir í ytra umhverfi:

- Mikið tap á rekstri Blindravinnustofunnar.
- Mögulegar sameiningar ríkisstofnana.
- Samdráttur í opinberum útgjöldum og lækkandi þjónustustig.
- Lækkandi styrkir frá hinu opinbera.

Tækifæri í ytra umhverfi:

- Innleiðing Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mun færa með sér tækifæri til að sækja bættu stöðu og þjónustu til handa fötluðum
- Góð staða gagnvart stjórnvöldum og stofnunum
- Sterk og jákvæð ímynd meðal almennings og stuðningsmanna
- Fjáröflunarmöguleikar meiri en tekist hefur að raungera

Framtíðarsýn

Full mannréttindi í samfélagi fyrir alla er kjarninn í framtíðarsýn Blindrafélagsins. Samfélag sem byggir á virðingu og viðurkenningu fyrir fjölbreyttum þörfum allra einstaklinga til að lifa sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi. Félagið er í fremstu röð, uppbyggjandi, framsækið, réttindamiðað og starfar af heilindum. Verk félagsins hafa samfélagslega þýðingu og bæta og verja lífsgæði félagsmanna.

Sóknaráætlun

Sóknaráætlun gegnir því hlutverki að vera brúarsmið frá núverandi stöðu yfir í framtíðarsýn félagsins. Sóknaráætlun felur í sér meginmarkmið, starfsmarkmið og verkefni.

Meginmarkmið

Í meginmarkmiðum er lögð áhersla á að markmiðin séu almenn, stutt, eftirminnileg, gegnsæ og að þau skarist ekki, en innifeli mikilvæga meginþætti í starfsemi félagsins.

Meginmarkmiðin eru:

- a. Stuðningur til sjálfstæðis
- b. Traust réttinda- og hagsmunagæsla
- c. Uppbyggilegt fræðslustarf
- d. Öflugt félagsstarf
- e. Góð þjónusta
- f. Fagleg stjórnun
- g. Góð samstaða
- h. Fjölgun félaga

Starfsmarkmið og verkefni

Setning starfsmarkmiða felur það í sér að verið er að brjóta niður meginmarkmiðin. Starfsmarkmiðin skulu vera sértæk, mælanleg, samþykkt, viðeigandi og tímaháð, ef þess er nokkur kostur. Möguleiki er þó að gera verkefni sem heyra undir starfsmarkmið mælanleg, ef það hentar betur en að hafa starfsmarkmiðin mælanleg. Hér fyrir neðan verða starfsmarkmið og verkefni sett upp undir hverju og einu meginmarkmiði.

A) Stuðningur til sjálfstæðis

Starfsmarkmið A-1:

Blindrafélagið skal í öllu sínu fræðslu- og útgáfustarfi leggja áherslu á að kynna fyrir samfélaginu fjölbætta hæfni og getu blinda og sjónskerts fólks og stuðla með því að aukinni vitund og þekkingu almennings á hæfni blinda og sjónskertra einstaklinga.

Verkefni A-1.1

Kynna skal „Stuðningur til sjálfstæðis“ sem slagorð félagsins og koma því fyrir á smekklegan hátt sem víðast á efni tengdu félaginu.

Ábyrgð: KHE/ÓH

Útfærslu lokið: 30.05.2012

Framkvæmd lokið: 31.12.2012

Verkefni A–1.2

Gera reglulega viðhorfskannanir meðal almennings og félagsmanna, bera saman við fyrri kannanir og nýta til að bæta starfsemi félagsins til fræðslu og upplýsingagjafar.

Ábyrgð: KHE

Næstu könnun lokið: 30.06.2013

Starfsmarkmið A–2:

Kynna og starfrækja styrktarsjóðinn „Stuðningur til sjálfstæðis – styrktarsjóð Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins“.

Verkefni A–2.1

Starfsemi sjóðsins hefst og auglýst verði eftir styrkjum til úthlutunar tvisvar á ári.

Verkefni A–2.2

Unnið verði að því að tryggja og auka við ráðstöfunarfé sjóðsins.

Starfsmarkmið A–3:

Náið og gott samstarf við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga með reglulegum samráðsfundum við starfsmenn miðstöðvarinnar. Sérstaklega skal huga að leiðsöguhundaverkefninu, en leiðsöguhundar eru núna á ábyrgðarsviði miðstöðvarinnar. Markmiðið er að tryggja að hægt verði að úthluta tveimur leiðsöguhundum á ári frá árinu 2012.

Verkefni A–3.1

Gefa út leiðsöguhundadagatal til fjáröflunar fyrir kaup og þjálfun leiðsöguhunda.

Ábyrgð: KHE/ÓH

Lokið: Desember ár hvert.

Verkefni A–3.2

Skipuleggja kynningu og heimsókn fyrir Lions félaga í aðstöðuna fyrir leiðsöguhundana uppá Kjalarnesi.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.05.2012

Starfsmarkmið A–4:

Tryggja tilvist vandaðs íslensks talgervils.

Verkefni A–4.1

Klára smíða á nýja íslenska talgervlinum frá Ivona.

Ábyrgð: KHE Verkefnahópur

Lokið: 31.05.2012

Verkefni A–4.2

Ganga frá skipulagi með hvaða hætti talgervlinum verði dreift til þeirra sem rétt eiga á honum án endurgjalds.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.05.2012

Verkefni A–4.3

Vinna að því í samstarfi við Apple á Íslandi að hægt verði að nota talgervilinn á Apple tölvubúnað.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2012

Verkefni A–4.4

Þjóða eldri félagsmönnum Blindrafélagsins uppá lausn sem gerir þeim kleift að nýta talgervilinn til að fá lesin blöð, tímarit, bækur í gegnum internetið af talgervlinum. Samanber lausn frá Solution Radio.

Ábyrgð: stjórn Blindrafélagsins

Lokið: 31.12.2012

Verkefni A–4.5

Ganga frá samningum við Ivona um viðskiptalífshluta talgervlaverkefnisins og setja upp með hvað hætti verður staðið að kynningu og sölu.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2012

B) Traust hagsmunagæsla

Starfsmarkmið B–1:

Halda uppi þrýstingi á stjórnvöld um að innleiðingu og lögfestingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lokið af hálfu stjórnvalda í seinasta lagi fyrir lok kjörtímabils núverandi ríkisstjórnar vorið 2014.

Verkefni B–1.1:

Efna til samstarfsvettvangs með öðrum samtökum fatlaðra sem eru að vinna með Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu og lögfestingu sáttmálans.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2013

Starfsmarkmið B–2:

Auka kynningu á Sáttmálanum fyrir félagsmönnum, starfsmönnum og velunnurum félagsins og almenningi.

Verkefni B–2.1:

Kynna innihald Sáttmálans á miðlum félagsins.

Ábyrgð: KHE/GH

Lokið: Í stöðugri vinnslu.

Starfsmarkmið B–3:

Koma á samsvarandi ferðaþjónustu í sveitarfélögum landsins fyrir félagi Blindrafélagsins og gildir í Reykjavík.

Verkefni B–3.1:

Vinna að því að fá dóm í akstursþjónustu-deilunni við Kópavogsbæ.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2012

Verkefni B–3.2:

Gera könnun meðal félagsmanna sem ekki njóta ferðaþjónustu, eða takmarkaðrar ferðaþjónustu, um hverjar grunnþarfir þeirra eru.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2012

Starfsmarkmið B–4:

Starfa skipulega að bættu rafrænu upplýsingaaðgengi blindra og sjónskertra einstaklinga.

Verkefni B–4.1:

Sérstakur aðgengisfulltrúi á upplýsinga-sviði starfi á vettvangi Blindrafélagsins og sinni hann m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Samskiptum við stjórnvöld til að knýja á um lagasetningar og um að opinberar vefsíður uppfylli skilyrði alþjóðlegra aðgengisstaðla.
- Fyrirlestrar í háskólum fyrir nemendur í forritun til að kynna fyrir þeim upplýsingaaðgengismál.

- Samskipti við fyrirtæki og stofnanir varðandi úrbætur á vefsíðum sem eru með aðgengishindranir og ráðgjöf varðandi lagfæringar.

- Alþjóðleg samvinna.

Ábyrgð: Stjórn og aðgengisfulltrúi á upplýsingasviði

Lokið: Í stöðugri vinnslu

Starfsmarkmið B-5:

Hefja vinnu við að fá bætt úr versnandi ferilfræðilegu aðgengi blindra og sjónskertra gangandi vegfarenda.

Verkefni B-5.1:

Ráða tímabundið verkefnastjóra til að stýra átaksverkefni til bætts ferilfræðilegs aðgengis gangandi vegfarenda á höfuðborgarsvæðinu og annarsstaðar þar sem þörf er á.

Ábyrgð: Stjórn.

Lokið: 1. mars 2012.

Verkefni B-5.2:

Standa fyrir átaksverkefni í þeim tilgangi að vekja athygli á og bæta úr versnandi ferilfræðilegu aðgengi blindra og sjónskertra gangandi vegfarenda.

Ábyrgð: Stjórn og aðgengisfulltrúi.

Lokið: 1. mars 2013.

Verkefni B-5.3:

Ganga eftir því að fyrirbyggjandi ábendingum aðgengisnefndar um bætt aðgengi að Hamrahlíð 17 verði hrint í framkvæmd.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri og aðgegnisfulltrúi.

Lokið: 15. október 2012.

C) Uppbyggilegt fræðslustarf

Starfsmarkmið C-1

Halda úti aðgengilegri og vel sótttri heimasíðu og Facebókarsíðu með fréttum, fræðslu og afþreyingu. Á árinu 2011 voru að meðaltali 2000 heimsóknir á mánuði á heimasíðuna. Stefnt skal að 30% aukningu á árinu 2012.

Verkefni C-1.1:

Regluleg innsetning á efni.

Ábyrgð: Starfsmenn

Starfsmarkmið C-2

Gefa út Valdar greinar á tveggja vikna fresti og kynningu á útgáfutíðni Valdra greina innan félagsins svo hámarka megi notagildi Valdra greina til að koma tilkynningum á framfæri.

Ábyrgð: Stjórn og ritstjórn Valdra greina

Starfsmarkmið C-3

Útgáfa á Víðsjá tvisvar á ári, febrúar og ágúst ár hvert, í vönduðu tímaritaformi. Senda á félaga, stuðningsaðila, einstaklinga í stjórnkerfinu og fjölmiðla.

Ábyrgð: Stjórn

Starfsmarkmið C-4

Dreifing á nýju kynningarefni Blindra félagsins til nýrra félaga.

Ábyrgð: KH

Starfsmarkmið C-5

Vera með í starfi sérstakan kynningarfulltrúa sem fer í skóla, fyrirtæki og stofnanir og kynnir málefni blindra og sjónskertra og Blindrafélagið.

Starfsmarkmið C–6

Koma í gagn við CRM hluta tölvukerfis Blindrafélagsins sem gefur möguleika á að senda upplýsingar til félagsmanna á því formi sem hver og einn kys.

Verkefni C–6.1:

Halda áfram að safna upplýsingum og skrá niður á hvaða formi félagsmenn vilja fá upplýsingar til sín. Á hefðbundnu svartlettri, punktalettri, stækkuðu lettri, tölvupósti eða á hljóðbók.

Ábyrgð: Trúnaðarmenn og KH

Verkefni C–6.2:

Koma upp verkferlum sem tryggja að félagsmenn fá sendar upplýsingar á því formi sem þeim hentar og þeir hafa óskað eftir.

Ábyrgð: ÓH

Lokið: 30.08.2012

D) Öflugt félagsstarf

Starfsmarkmið D–1

Stuðla að og styðja við skipulagt og öflugt félagsstarf í deildum, nefndum félagsins og Opnu húsi: Foreldradeild, Kvennadeild, Norðurlandsdeild, RP deild, Suðurlandsdeild, Ungblind, og starfandi nefndum.

Verkefni D–1.1:

Halda samstarfsfundi stjórnar, nefnda og deilda Blindrafélagsins í september og janúar ár hvert þar sem farið er yfir starfið framundan.

Ábyrgð: Stjórn

Verkefni D–1.2:

Halda úti Opnu húsi að jafnaði tvisvar í viku og einu sinni í mánuði á laugardögum.

Ábyrgð: ÓH

Lokið: Stöðugt í vinnslu.

Starfsmarkmið D–2

Halda skal almenna félagsfundi innan félagsins á hausti og að vori auk aðalfundar félagsins sem haldinn er að vori.

Ábyrgð: Stjórn

Lokið: Stöðugt í vinnslu.

E) Góð þjónusta

Starfsmarkmið E–1

Hafa skrifstofu félagsins opna allt árið um kring frá 9–16.

Ábyrgð: ÓH

Lokið: Stöðugt í vinnslu.

Starfsmarkmið E–2

Starfrækja verslun með hjálpartækjum þar sem áhersla er lögð á lága álagningu á sölu til félagsmanna.

Starfsmarkmið E–3

Vera með starfsmann sem sinnir persónulegri ráðgjöf til félagsmanna varðandi hin ýmsu úrlausnarefni sem þeir þurfa aðstoðar við.

Starfsmarkmið E–4

Vera með í starfi æskulýðsfulltrúa sem sinnir sérstaklega málefnum yngstu félagsmanna Blindrafélagsins.

Starfsmarkmið E–5

Bjóða upp á útleigu á hjálpartækjum sem nýst geta í skólum eða í vinnu.

Starfsmarkmið E–6

Starfrækja trúnaðarmannakerfi innan félagsins og miða við að starfandi séu a.m.k. þrír aðaltrúnaðarmenn í hlutastarfi og fleiri félagslegir trúnaðarmenn sem eru sjálfboðaliðar. Tilgangurinn með trúnaðarmannakerfinu er m.a. að veita bæði stuðning og fræðslu á jafningjaforsendum.

Verkefni E–6.1:

Halda a.m.k. tvö trúnaðarmannanám-skeið á ári til að styrkja trúnaðarmennina í starfi.

Ábyrgð: BA, KH

Lokið: Stöðugt í vinnslu

Starfsmarkmið E–7

Vera með íbúðir félagsins í útleigu fyrir félagsmenn, bæði í langtímaleigu sem og skammtímaleigu.

F) Fagleg stjórnun

Starfsmarkmið F–1

Stjórn félagsins skal að jafnaði hittast á 2–3 vikna fresti yfir vetrartímann og 4–6 vikna fresti yfir sumartímann. Stefnt skal að því samsetning stjórnar endurspegli kynjahlutföll og aldursamsetningu innan félagsins að eins miklu leyti og því verður við komið. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum. Auk stjórnarmanna situr

framkvæmdastjóri félagsins stjórnarfundum. Bæði aðal- og varamenn fá greitt fyrir þá stjórnarfundum sem þeir sitja.

Verkefni F–1.1:

Fyrir stjórnarfund skal liggja fyrir dagskrá, skýrsla formanns og framkvæmdastjóra og önnur þau gögn sem nauðsynleg kunna að vera til að hægt sé að fjalla um þau mál sem eru á dagskrá.

Ábyrgð: KHE

Starfsmarkmið F–2

Stjórn félagsins skal samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár. Fjárhagsáætlunina skal yfirfara og endurskoða tvisvar á árinu auk þess sem áætlunin skal höfð til hliðsjónar við allar stærri ákvarðanir sem hafa fjárútlát í för með sér.

Starfsmarkmið F–3

Stefnt skal að hallalausum rekstri félagsins. Sem öryggissjónarmið þá skulu veltufjármunir að viðbættum verkefnasjóði að jafnaði duga til reksturs félagsins í eitt ár með viðmið við gildandi fjárhagsáætlun.

Starfsmarkmið F–4

Stefnt verði að því að auka fjáraflanir félagsins um 50% á næstu þremur árum með aðaláherslu á að fjölga einstaklingum sem bakhjörum í því lagskipta bakhjarlakerfi sem komið hefur verið á fót.

Verkefni F–4.1:

Ljúka innleiðingu á CRM (Customer relationship management) með áherslum á það hvernig staðið er að samskiptum og söfnun nýrra styrktarféлага.

Ábyrgð: ÓH, MP

Lokið: 31.12.2012

G) Góð samstaða***Starfsmarkmið G–1***

Leggja skal áherslu á að innan félagsins og milli starfsmanna og félagsmanna ríki góð samstaða um öll helstu stefnumál félagsins.

Verkefni G1–1:

Halda skal ársfjórðungslega fræðslu og kynningarfundum með starfsmönnum.

Ábyrgð: ÓH

H) Fjölgun félaga***Starfsmarkmið H–1***

Koma á samstarfi við PPM um að koma kynningarefni um Blindrafélagið til allra blindra og sjónskertra undir 75 ára aldri sem ekki eru með félagsaðild. Stefna skal að því að hækka félagsaðild að Blindrafélaginu úr u.þ.b. 45%, að frádregnum allra elsta aldurshópunum, upp í 60% á næstu tveimur árum.

Ábyrgð: KH, KHE

Lokaorð

Mikilvægt er að hafa í huga að skýrsla eins og þessi kemur að mestu gagni ef hún fær að vera lifandi stjórnunarverkfæri sem er til stöðugar skoðunar og endurskoðunar. Reglulega þarf að leggja á það mat hvort aðgerðaráætlunin er að skila félaginu nær skilgreindri framtíðarsýn og bregðast við með viðeigandi hætti ef svo er ekki. Rými þarf að vera til að ný verkefni og áherslur geti litið dagsins ljós.

Stefnumótun eins og þessi er aldrei endanleg, heldur mikið fremur síbreytileg.

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi:

Kristinn Halldór Einarsson formaður
Maria Kaisa Matthíasson varaformaður
Bryndís Snæbjörnsdóttir ritari
Ólafur Þór Jónsson gjaldkeri
Sigbór U. Hallfreðsson meðstjórnandi
Haukur Sigtryggsson varamaður
Hlynur Þór Agnarsson varamaður
Rósa Ragnarsdóttir varamaður
Porkell Jóhann Steindal varamaður



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000
Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is